

LÍÐAN OG UPPLIFUN ÞOLENDA

HEIMILISOFBELDIS OG

PERSÓNULEIKAEINKENNI

OFBELDISMANNA



Líðan og upplifun þolenda heimilisofbeldis & persónuleikaeinkenni ofbeldismanna

Ábyrgðaraðili: Sigbrúður Guðmundsdóttir. Framkvæmdastýra - Samtök um kvennaathvarf

Unnið af: Drífa Jónasdóttir. Verkefnastýra - Samtök um kvennaathvarf

Útgáfustaður: Reykjavík, desember 2018

Prentað af: Háskólaprent. Umhverfissvottuð prentsmiðja.

Útgefandi: Samtök um kvennaathvarf

www.kvennaathvarf.is

© Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti.

Velferðarráðuneytið styrkti þetta verkefni. Safnliðir fjárlaga 2018 – Félagsmál; tilvísun S1711-00168

**Kvennaathvarfið vill þakka öllum konunum sem
tóku þátt í þessari könnun og gerðu verkefnið þar
með mögulegt.**

Efnisyfirlit

1) Samantekt.....	9
2) Kynningarbréf	11
3) Bakgrunnur þátttakenda	12
4) Bakgrunnur maka.....	14
5) Tegund ofbeldis	15
6) Tíðni ofbeldis.....	17
7) Eðli sambandsins.....	24
8) Viðbrögð við ofbeldi.....	26
i) Að ræða um ofbeldið.....	26
ii) Að kenna einhverjum um ofbeldið.....	26
iii) Að lofa að þetta gerist aldrei aftur.....	27
iv) Að afsaka ofbeldið	27
9) Afsakanir ofbeldismanna, dæmi og þemu.....	28
10) Ásakanir um framhjáhald	34
11) Að vita nákvæmlega hvar makinn er staddur og með hverjum.....	36
12) Aðrir eru „fífl og fávitar“	38
13) Fyrirverandi eru „geðveikar“ og ekkert mark á þeim takandi.....	40
14) Áverkar sem afleiðing ofbeldis.....	42
15) Lögregluafskipti sem afleiðing ofbeldis.....	44
16) Hefur maki verið kærður vegna ofbeldis/hegðunar sinnar?.....	46
17) Hefur maki leitað aðstoðar hjá Heimilisfriði?	48
18) Upplifun kvenna á persónuleika maka.....	49
i) Afbrýðisamur	50
ii) Skilningsríkur í minn garð og annarra.....	52
iii) Stoltur af mér	53
iv) Stjórnsemi.....	54
v) Gagnrýninn á mig	55
vi) Óöruggur með sig.....	56
vii) Þolinmóður	57
viii) Tortrygginn	58
ix) Hann með gott sjálfstraust.....	59
x) Jákvæður.....	60
xi) Óþolinmóður.....	61
xii) Feiminn.....	62
xiii) Neikvæður.....	63
xiv) Stuðningur fyrir mig.....	64
xv) Vinir mínir ekki nógu góðir fyrir mig.....	65
xvi) Einangrun.....	66
xvii) Gera lítið úr mér.....	67

xviii) Stjórna mér	68
xix) Hann á marga góða vini.....	69
xx) Gott samband við fjölskyldu.....	70
xxi) Gott samband við sína(r) fyrrverandi.....	71
19) Jákvæð atriði sem lýsa persónuleika hans best.....	72
20) Neikvæð atriði sem lýsa persónuleika hans best.....	74
21) Af hverju féllstu fyrir honum?.....	76
22) Líðan þátttakanda í byrjun sambands.....	84
23) Hvað fannst þér – í byrjun.....	88
i) Óheppin/heppin að hafa kynnst honum.....	88
ii) Hann var „yndislegur“.....	89
iii) Þú varst eina manneskjan sem hann gat stólað á.....	89
iv) Allt „vesen“ þér að kenna	90
v) Fannst þér að þú gætir bjargað honum?	90
24) Varð mikil breyting á hegðun hans fljótlega í sambandinu?.....	91
25) Hefur hann hót að drepa sig til að ná sínu fram?.....	91
26) Vastu alltaf að reyna að laga hlutina?	91
27) „Enginn annar karlmaður á eftir að elska þig“	92
28) Er hann góður faðir?.....	92
29) Hlutfall af tímanum; frábær, góður, yndislegur, umhyggjusamur og dásamlegur.....	93
30) Hvað fannst þér – við endi sambandsins/staðan í dag?.....	94
i) Óheppin/heppin að hafa kynnst honum.....	94
ii) Hann var yndislegur.....	94
iii) Þú varst eina manneskjan sem hann gat stólað á.....	95
iv) Allt „vesen“ þér að kenna	95
v) Fannst þér að þú gætir bjargað honum?	95
31) Hversu lengi í sambandinu?.....	96
32) Hversu langt síðan þú hættir í sambandinu?.....	96
33) Rauðu ljósinn.....	97
34) Ráðleggingar	102
i) Hvað hefði hjálpað þér að komast fyrr út úr ofbeldissambandinu?.....	102
ii) Hvað myndir þú ráðleggja konum í ofbeldissambandi til að komast útúr því.....	106
iii) Er eitthvað sem fagaðilar/fólkið þitt hefðu getað gert betur til að hjálpa þér út fyrr?.....	111
35) Hvað fannst þátttakendum um listann?.....	114

Yfirlit yfir myndir og töflur

Myndir

1. Tegund ofbeldis
2. Tíðni andlegs ofbeldis
3. Tíðni líkamlegs ofbeldis
4. Tíðni fjárhagslegs ofbeldis
5. Tíðni kynferðislegs ofbeldis
6. Tíðni stafræns ofbeldis
7. Tíðni ofbeldis gegn börnum
8. Eðli sambandsins
9. Framhjáhald – Ofbeldisreynsla
10. Framhjáhald – Ekki ofbeldisreynsla
11. Vita nákvæmlega hvar hún er – Ofbeldisreynsla
12. Vita nákvæmlega hvar hún er – Ekki ofbeldisreynsla
13. Aðrir „fífl og fávitar“ - Ofbeldisreynsla
14. Aðrir „fífl og fávitar“ – Ekki ofbeldisreynsla
15. Fyrirverandi makar „geðveikar“ og ekki mark á þeim takandi – Samanburður svara kvenna með ofbeldisreynslu við svör kvenna ekki með ofbeldisreynslu
16. Hefur hann veitt þér áverka – Samanburður svara kvenna með ofbeldisreynslu við svör kvenna ekki með ofbeldisreynslu
17. Hefur lögreglan haft afskipt vegna ofbeldis/hegðunar maka gagnvart þér – Samanburður svara kvenna með ofbeldisreynslu við svör kvenna ekki með ofbeldisreynslu
18. Kæra vegna ofbeldis/hegðunar – Samanburður svara kvenna með ofbeldisreynslu við svör kvenna ekki með ofbeldisreynslu
19. Afbrýðisemi – Samanburður svara kvenna með ofbeldisreynslu við svör kvenna ekki með ofbeldisreynslu
20. Skilningsríkur – Samanburður svara kvenna með ofbeldisreynslu við svör kvenna ekki með ofbeldisreynslu
21. Stoltur af mér – Samanburður svara kvenna með ofbeldisreynslu við svör kvenna ekki með ofbeldisreynslu
22. Stjórnsemi – Samanburður svara kvenna með ofbeldisreynslu við svör kvenna ekki með ofbeldisreynslu
23. Gagnrýni – Samanburður svara kvenna með ofbeldisreynslu við svör kvenna ekki með ofbeldisreynslu
24. Hann er öruggur með sig – Samanburður svara kvenna með ofbeldisreynslu við svör kvenna ekki með ofbeldisreynslu
25. Hann er þolinmóður – Samanburður svara kvenna með ofbeldisreynslu við svör kvenna ekki með ofbeldisreynslu
26. Tortryggni – Samanburður svara kvenna með ofbeldisreynslu við svör kvenna ekki með ofbeldisreynslu
27. Hann er með gott sjálfstraust – Samanburður svara kvenna með ofbeldisreynslu við svör kvenna ekki með ofbeldisreynslu
28. Jákvæðni – Samanburður svara kvenna með ofbeldisreynslu við svör kvenna ekki með ofbeldisreynslu

29. Óþolinmæði – Samanburður svara kvenna með ofbeldisreynslu við svör kvenna ekki með ofbeldisreynslu
30. Feimni – Samanburður svara kvenna með ofbeldisreynslu við svör kvenna ekki með ofbeldisreynslu
31. Neikvæðni – Samanburður svara kvenna með ofbeldisreynslu við svör kvenna ekki með ofbeldisreynslu
32. Stuðningur fyrir mig – Samanburður svara kvenna með ofbeldisreynslu við svör kvenna ekki með ofbeldisreynslu
33. Vinir mínir ekki nógu góðir fyrir mig – Samanburður svara kvenna með ofbeldisreynslu við svör kvenna ekki með ofbeldisreynslu
34. Hann einangraði mig frá fjölskyldu og vinum – Samanburður svara kvenna með ofbeldisreynslu við svör kvenna ekki með ofbeldisreynslu
35. Hann gerði lítið úr mér – Samanburður svara kvenna með ofbeldisreynslu við svör kvenna ekki með ofbeldisreynslu
36. Hann vildi stjórna mér – Samanburður svara kvenna með ofbeldisreynslu við svör kvenna ekki með ofbeldisreynslu
37. Hann á marga góða vini – Samanburður svara kvenna með ofbeldisreynslu við svör kvenna ekki með ofbeldisreynslu
38. Hann er í góðu sambandi við fjölskyldu sína – Samanburður svara kvenna með ofbeldisreynslu við svör kvenna ekki með ofbeldisreynslu
39. Hann er í góðu sambandi við fyrrverandi maka – Samanburður svara kvenna með ofbeldisreynslu við svör kvenna ekki með ofbeldisreynslu
40. Líðan í byrjun og endi sambands – Ofbeldisreynsla, ekki lengur með manninum
41. Líðan í byrjun og líðan núna – Ofbeldisreynsla, er með ofbeldismanninum núna
42. Líðan í byrjun og endi sambands – Ekki ofbeldisreynsla
43. Hvað fannst þér um spurningalistann – Ofbeldisreynsla
44. Hvað fannst þér um spurningalistann – Ekki ofbeldisreynsla

Töflur

1. Bakgrunnur þátttakanda
2. Bakgrunnur maka
3. Dæmi um afsakanir fyrir ofbeldinu
4. Atriðagreining afsakana
5. Jákvæð atriði sem lýsa honum best – Ofbeldisreynsla
6. Jákvæð atriði sem lýsa honum best – Ekki ofbeldisreynsla
7. Neikvæð atriði sem lýsa honum best – Ofbeldisreynsla
8. Neikvæð atriði sem lýsa honum best – Ekki ofbeldisreynsla
9. Af hverju féllstu fyrir honum – Ofbeldisreynsla
10. Af hverju féllstu fyrir honum – Ekki ofbeldisreynsla
11. Hann var frábær, góður, yndislegur, umhyggjusamur og dásamlegur – Ofbeldisreynsla
12. Hann var frábær, góður, yndislegur, umhyggjusamur og dásamlegur – Ekki ofbeldisreynsla
13. Hann var ekki frábær, góður, yndislegur, umhyggjusamur og dásamlegur – Ofbeldisreynsla
14. Hann var ekki frábær, góður, yndislegur, umhyggjusamur og dásamlegur – Ekki ofbeldisreynsla
15. Rauðu ljósinn – Ofbeldisreynsla

16. Rauðu ljósin – Ekki ofbeldisreynsla
17. Ráðleggingar – Er eitthvað sem þú hefur viljað vita eða gert eitthvað til að komast fyrir útúr ofbeldissambandinu?
18. Ráðleggingar – Hvað myndir þú ráðleggja konum sem eru í ofbeldissambandi til að komast út úr því?
19. Ráðleggingar – Er eitthvað sem fagaðilar, fólkið þitt / aðstandendur eða aðrir hefðu getað sagt eða gert til að hjálpa þér út úr sambandinu?

Samantekt

Gagnasöfnun fór fram gegnum samfélagsmiðla og heimasíðu Kvennaathvarfsins dagana 13. til 17. september 2018. Útbúin var auglýsing mað boði um þátttöku, ásamt kynningarbréfi þar sem fram kom markmið, aðferð og afurð verkefnis. Öllum gögnum var eytt að lokinni úrvinnslu, þann 10. desember 2018. Þátttakendur voru beðnir að svara spurningum um líðan sína og upplifun í gegnum sambandið og lýsa hvernig þær upplifðu persónuleikaeinkenni makans. Annars vegar var beðið um svör kvenna sem höfðu reynslu af ofbeldi í nánu sambandi við maka (rannsóknarhópur) og hins vegar svör kvenna sem ekki hafa reynslu af slíku (samanburðarhópur). Notast var við hentugleikaúrtak og alls bárust 326 svör. Í rannsóknarhópnum (höfðu reynslu af ofbeldissambandi) voru 202 konur, eða 62% svarenda. Þar af voru 6,5% ennþá í sambandinu en 93,5% voru ekki lengur í sambandinu. Í samanburðarhópi (höfðu aldrei verið í ofbeldissambandi) voru 124 konur (38% svarenda), af þeim voru 85% ennþá í sambandinu en 15% voru ekki lengur í sambandinu.

Athugið að hér er verið að taka saman svör þeirra kvenna sem svöruðu listanum. Niðurstöður ber að túlka og heimfæra af varfærni. Til dæmis væri ekki rétt að segja að þó konur í þessari könnun sem hafa reynslu af heimilisofbeldi, hafi upplifað maka sína afbrýðisama, þá eru ekki allir afbrýðisamir menn gerendur í heimilisofbeldi.

Hér er einungis verið að sýna og túlka dreifingu svara úr þessari könnun.

Við hverja spurningu verður gerð **grein** fyrir því hvaða hópur, eða hvort báðir hafi fengið spurninguna. Til að leitast við að hafa flæði í textanum er ýmist talað um konurnar sem svarendur, þátttakendur, þolendur, maka eða sem konur. Sömuleiðis er talað um maka kvennanna sem gerendur, maka, ofbeldismenn eða karla. Orðið heimilisofbeldi er sömuleiðis notað til jafns við ofbeldi í nánu sambandi og orðið ofbeldisreynsla.

Á heildina lítið gæti samantekt niðurstaðna virkað þurr þar sem sérstaklega er tekið fram við hverja spurningu hversu margar konur svöruðu henni og hvort sé um að ræða samantekt úr rannsóknarhópnum (sem hafa ekki reynslu af heimilisofbeldi) eða samanburðarhópnum (sem hafa reynslu af heimilisofbeldi). Það er hins vegar gert þannig til að hver og ein spurning geti staðið sjálfstætt og ekki þurfi að byrja á að lesa einhvers konar inngang/kynningu fyrir hvern hluta könnunar til að vita hvaða gögn er verið að fjalla um hverju sinni.

Kostir gagnasöfnunar og aðferðafræði: Gagnasöfnun gegnum netið getur verið kostur þar sem mögulega er auðveldara fyrir konur að svara spurningum miðað við t.d. símakönnun. Líklega meiri þátttaka kvenna af landsbyggðinni og erlendis frá miðað við t.d. ef konum hefði verið boðið að koma í viðtal vegna könnunarinnar.

Þar sem notast var við hentugleikaúrtak getur verið að bakgrunnur gerenda sé einsleitinn en þá er ef til vill auðveldara að yfirfæra niðurstöður könnunar á þann afmarkaða hóp kvenna sem tók þátt.

Gallar gagnasöfnunar og aðferðafræði: Hentugleikaúrtak, ekki var gert t.d. lagskipt slembiúrtak í Þjóðskrá til að tryggja jafna dreifingu þátttakenda. Með hentugleikaúrtaki eru einnig meiri líkur á að þær konur sem svari séu þær sem hafa áhuga á málefninu, séu á svipuðum aldri og með svipaðan bakgrunn. Ekki var jöfn skipting í hópana *reynsla af heimilisofbeldi* / *ekki reynsla af heimilisofbeldi* og ekki var heldur leitast við að fá jafn marga þátttakendur í hópinn *núverandi maki* / *fyrirverandi maki*. Listinn var ekki þýddur á önnur tungumál og því einungis möguleiki á að svara á íslensku. Listinn var einungis aðgengilegur á netinu sem útilokar þátttöku þeirra kvenna sem geta ekki notað tölvu/komast ekki í tölvu/eiga ekki tölvu.

Næstu skref: Við gerð listans komu upp hugmyndir að gera könnunina í annað sinn en að þá væri búið að aðlaga listann að þeim fræðum og rannsóknnum sem þegar hafa verið gerðar t.d. á ofbeldi kvenna gegn körlum, ofbeldi í öðrum samböndum en hjá gagnkynhneigðum pörum og á ofbeldi í garð erlendra karla og kvenna.

Kynningarbréfið sem útbúið var um verkefnið:

Kvennaathvarið er að láta gera rannsókn á líðan og upplifun þolenda heimilisofbeldis og persónuleikaeinkennum gerenda. Verkefnið er einnig styrkt af Velferðarráðuneytinu.

Markmið: Að útbúa fræðsluefni sem nýtist sem stuðningur og ráðgjöf fyrir þolendur heimilisofbeldis og aðstandendur þeirra.

Aðferð: Fá 100 konur 18 ára og eldri sem (1) *búa núna eða hafa búið við heimilisofbeldi* til að segja frá sinni líðan og upplifun í byrjun og enda ofbeldissambandsins og persónuleikaeinkennum gerenda. Til samanburðar verða 100 konur 18 ára og eldri sem (2) *ekki hafa reynslu af heimilisofbeldi* beðnar að svara sömu spurningum. Svörin verða greind með einfaldri tölfræðisamantekt.

Afurð: Útgáfa bókar á prenti og endurgjaldslaus útgáfa á vefformi.

Til að afmarka umfang rannsóknarinnar var ákveðið að biðja einungis konur sem hafa verið í nánú sambandi að taka þátt. Makinn getur verið núverandi eða fyrrverandi eiginmaður, kærasti eða sambylíismaður. Ekki skiptir máli hvort aðilar hafi búið saman eða verið skráðir í sambúð.

Öll gögn eru ópersónugreinanleg og ekki verður haft beint samband við þátttakendur í tengslum við rannsóknina.

Til að taka þátt þarf að opna spurningalistann, fylla inn svörin og smella svo á senda.

Hér er linkur á [spurningalistann](#).

Fyrirspurnum um rannsóknina má beina til verkefnastjóra:

Drífa Jónasdóttir

drifa@kvennaathvarf.is

Bakgrunnur þátttakenda

		Með reynslu af heimilisofbeldi	Ekki með reynslu af heimilisofbeldi
Fjöldi þátttakenda		202 konur (62%)	124 konur (38%)
Fyrirverandi maki		189 (93,5%)	17 (14,2%)
Núverandi maki		13 (6,5%)	103 (85,8%)
Uppl. vantar		0	4
Búseta	Höfuðborgarsvæðið	75,7%	75%
	Landsbyggðin	19,80%	18,50%
	Erlendis	4,50%	6,50%
Aldur	Á bilinu 18-30 ára	17,30%	25%
	Á bilinu 31-40 ára	43,60%	35,50%
	Á bilinu 41-50 ára	28,70%	24,20%
	Á bilinu 51-60 ára	7,40%	12,10%
	61 árs eða eldri	3,00%	3,20%
Uppruni	Íslenskur	98,50%	100%
	Erlendur	1,50%	
Hæsta skólastig	Hefur lokið grunnskóla	11,40%	5,60%
	Hefur lokið framhaldsskóla	13,90%	10,50%
	Hefur lokið sérskóla*	10,40%	8,90%
	Hefur lokið háskóla	61,90%	73,40%
	Annað	2,40%	1,60%
	*sérskóli t.d. lönskólinn, Tækniskólinn		

Atvinnustaða	Er í fullri vinnu	58%	63,40%
	Er nemi	16,0%	19,50%
	Er öryrki	14,9%	6,50%
	Er í hlutastarfi	12,2%	17,90%
	Annað	4,8%	1,60%
	Er í fæðingarorlofi	3,7%	5,70%
	Er án atvinnu	3,2%	0%
	Er heimavinnandi	2,1%	1,60%
	Er ellilífeyrisþegi	0,5%	0%
Hér var spurt: Hver er atvinnustaða þín? (hvar færð þú framfærslu) *ath að hér er samanlagt hlutfall dreifingar hærra en 100% Því mögulegt var að merkja við fleiri en einn möguleika			
Á kona barn	Nei	17,30%	19,40%
	Já	82,70%	80,60%
	Ef já, með geranda	61,60%	n/a*
n/a* konur í þessum hóp fengu ekki spurninguna „Er gerandi barnsfaðir?“			

Tafla 1. Bakgrunnur þátttakanda.

Eins og sjá má á töflu 1 koma flestar konur af höfuðborgarsvæðinu, flestar eru á aldursbilinu 31-40 ára, nær allar eru íslenskar, flestar hafa lokið háskóla og eru í fullri vinnu. Nærri jafnhátt hlutfall kvenna úr báðum hópum eiga barn, eða um 80%. Af konum með ofbeldisreynslu eiga 103 konur barn með ofbeldismanninum (61,6%).

Bakgrunnur maka

		Makar kvenna með reynslu af ofbeldissambandi	Makar kvenna sem ekki eru með reynslu af ofbeldissambandi
Aldur	Á bilinu 18-30 ára	11,90%	18,50%
	Á bilinu 31-40 ára	36,80%	36,30%
	Á bilinu 41-50 ára	36,30%	25,80%
	Á bilinu 51-60 ára	11,40%	11,30%
	61 árs eða eldri	3,50%	8,10%
Atvinnustaða	Er í fullri vinnu	73,50%	85,50%
	Er nemi	2,70%	8,90%
	Er öryrki	4,90%	1,60%
	Er í hlutastarfi	2,20%	5,60%
	Annað	13%	1,60%
	Er í fæðingarorlofi	0%	2,40%
	Er án atvinnu	6,50%	1,60%
	Er heimavinnandi	0%	0%
	Er ellilífeyrisþegi	1,10%	0%
Hér var spurt: Hver er atvinnustaða geranda / maka? (hvar hann fær framfærslu)			
*ath að hér er samanlagt hlutfall dreifingar hærra en 100%			
því mögulegt var að merkja við fleiri en einn möguleika			

Tafla 2. Bakgrunnur maka.

Flestir karlanna eru í fullu starfi og eru á aldrinum 31-40 ára. Athyglisvert er þó að makar kvenna sem hafa reynslu af ofbeldi eru mun líklegri til að vera án atvinnu (6,5%) bæði miðað við samanburðarhópinn og miðað við meðaltalsatvinnuleysi á Íslandi. Samkvæmt tölum Hagstofunnar á þriðja ársfjórðungi 2018 var atvinnuleysi meðal 16-74 ára karla á Íslandi 2,0%.

Tegund ofbeldis

Hér verður farið yfir svör þeirra kvenna sem hafa reynslu af heimilisofbeldi. Síðar verður fjallað um svör þeirra kvenna sem ekki hafa búið við heimilisofbeldi.

Alls höfðu 202 konur búið við heimilisofbeldi, hér verður skoðuð dreifing tegundar ofbeldis sem þær bjuggu við/búa við núna. Athugið að samanlagt hlutfall fjöldi svara er hærra en 100% þar sem mögulegt er að upplifa fleiri en eina tegund ofbeldis.


Spurningarnar voru orðaðar svona í spurningalistanum sem þátttakendur fylltu út:

Umfang og eðli heimilisofbeldis

Ef þú átt fleiri en eitt ofbeldissamband að baki þá ert þú beðin að velja það ofbeldissamband sem þú varst síðast í.

Vinsamlegast merktu við allt sem við á.

- ☐ Andlegt ofbeldi (t.d. stjórnun, kúgun, niðurlæging, sjálfsvígshótanir, einangrun)
- ☐ ...þar af morðhótun
- ☐ Kynferðislegt ofbeldi (t.d. þvinga til kynferðislegra athafna, pressa/suða/hóta, vakna við nauðgun/„kynlíf“)
- ☐ Líkamlegt ofbeldi (t.d. hrinda, ýta, slá, halda fastri, kýla, sparka í, brenna, drekkja, kæfa, bíta)
- ☐ ...þar af kyrking (kverktak/hálstak/kyrkingartak - hvort sem þú misstir meðvitund eða ekki)
- ☐ Fjárhagslegt ofbeldi (t.d. hann skemmir hluti, veldur þér fjárhagslegum skaða, tekur laun af þér, skerðir aðgang þinn að fjármunum)
- ☐ Stafrænt ofbeldi (t.d. misnotkun á samfélagsmiðlum, í þínu nafni, hótanir gegnum miðla, persónustuldur)
- ☐ ... þar af stafrænt kynferðisofbeldi (t.d. myndbirtingar eða hótanir um slíkt á samfélagsmiðlum)
- ☐ Eltihrellir (e. stalking) (t.d. stanslaus skilaboð, hringingar, elta þig, nota staðsetningarbúnað til að fylgjast með þér, koma heim til/á vinnustað þinn)
- ☐ Ef við á: Beint og/eða óbeint ofbeldi gegn börnum (t.d. líkamlegt, andlegt og/eða kynferðislegt)
- ☐ Annað



Mynd 1. Tegund ofbeldis

Eins og sjá má á mynd 1 höfðu nær allar konurnar (98%) reynslu af andlegu ofbeldi en um 62% höfðu einnig reynslu af líkamlegu og 60% reynslu af kynferðislegu ofbeldi.

Morðhótanir eru einnig algengar og sögðust 23% kvennanna hafa fengið morðhótun frá núverandi eða fyrrverandi maka sínum.

Meira en helmingur svarenda greinir frá fjárhagslegu ofbeldi (54%) og 24% frá stafrænu ofbeldi. Alls hafa 40% upplifað makann sem eltihrelli (e. stalking) og 7% greina frá stafrænu kynferðisofbeldi. Alls hefur um þriðjungur (29%) svarenda reynslu af því að núverandi eða fyrrverandi maki þeirra hafi beitt börnin ofbeldi.


Tíðni ofbeldis

Tíðni ofbeldis skipt eftir tegundum, hér er einungis farið yfir svör þeirra kvenna sem hafa reynslu af heimilisofbeldi, hvort sem gerandi er núverandi eða fyrrverandi maki.

Til að skoða einungis dreifingu svara sem eiga við var ákveðið að draga frá svör kvenna sem merktu að spurningin ætti ekki við um þeirra samband, þ.e. konur voru ekki beittar þeirri tegund ofbeldis. Tekið verður fram í texta við hverja töflu hversu margar konur tóku afstöðu til spurningarinnar. Hér verður að hafa í huga að erfitt getur verið fyrir þolendur að henda reiður á tíðni ofbeldisins, t.d. ef maki tekur öll laun konu við hver mánaðarmót, býr hún þá við fjárhaslegt ofbeldi í hverjum mánuði eða daglega?

1) Andlegt ofbeldi

Af konunum 202 sem höfðu reynslu af ofbeldissambandi svöruðu 200 konur spurningunni um tíðni andlega ofbeldisins. Af þeim var 1 kona sem merkti við „á ekki við/vil ekki svara“ þannig að dreifing 199 svara veður skoðuð hér.




Mynd 2. Dreifing á tíðni andlegs ofbeldis.

Á mynd 2 má sjá dreifingu tíðni andlegs ofbeldis þar sem má sjá að rúm 40% kvennanna upplifa daglegt andlegt ofbeldi af hálfu maka. Ef við leggjum saman hlutfall kvenna sem greindu frá andlegu ofbeldi í „hverri viku“, „oft í viku“ og „daglega“ er samanlagt hlutfall 84%. Þá má segja að 84% kvenna sem svöruðu spurningunni upplifðu andlegt ofbeldi í hverri viku eða oftar.

2) Líkamlegt ofbeldi

Af 202 konum sem höfðu reynslu af heimilisofbeldi svöruðu 120 konur spurningu um tíðni líkamlegs ofbeldis. Svör þeirra 120 kvenna eru því lögð til grundvallar í súluriti í mynd 3.




Mynd 3. Dreifing á tíðni líkamlegs ofbeldis.

Ef við leggjum saman hlutfall kvenna sem greindu frá líkamlegu ofbeldi í hverri viku, oft í viku og daglega er hlutfallið 25% sem upplifði líkamlegt ofbeldi í hverri viku eða oftar.

3) Fjárhagslegt ofbeldi

Af 202 konum sem höfðu reynslu af heimilisofbeldi svöruðu 119 konur spurningu um tíðni fjárhagslegs ofbeldis. Svör þeirra 119 kvenna eru því lögð til grundvallar í súluriti í mynd 3.




Mynd 4. Dreifing á tíðni fjárhagslegs ofbeldis.

Ef við leggjum saman hlutfall kvenna sem greindu frá fjárhagslegu ofbeldi í hverri viku, oft í viku og daglega er hlutfallið 49% sem upplifði fjárhagslegt ofbeldi í hverri viku eða oftar.

4) Kynferðislegt ofbeldi

Af 202 konum sem höfðu reynslu af heimilisofbeldi svöruðu 118 konur spurningu um tíðni kynferðislegs ofbeldis. Svör þeirra 118 kvenna eru því lögð til grundvallar í súluriti í mynd 5.




Mynd 5. Dreifing á tíðni kynferðislegs ofbeldis.

Ef við leggjum saman hlutfall kvenna sem greindu frá kynferðislegu ofbeldi í hverri viku, oft í viku og daglega er hlutfallið 38% sem upplifði kynferðislegt ofbeldi í hverri viku eða oftar.

5) Stafrænt ofbeldi

Af 202 konum sem höfðu reynslu af heimilisofbeldi svöruðu 46 konur spurningu um tíðni stafræns ofbeldis. Svör þeirra 46 kvenna eru því lögð til grundvallar í súluriti í mynd 6.




Mynd 6. Dreifing á tíðni stafræns ofbeldis.

Ef við leggjum saman hlutfall kvenna sem greindu frá stafrænu ofbeldi í hverri viku, oft í viku og daglega er hlutfallið 34% sem upplifði stafrænt ofbeldi í hverri viku eða oftar.

6) Ofbeldi gegn börnum

Af 202 konum sem höfðu reynslu af heimilisofbeldi svöruðu 57 konur spurningu um tíðni ofbeldis gegn börnum. Svör þeirra 57 kvenna eru því lögð til grundvallar í súluriti í mynd 7.



Mynd 7. Dreifing á tíðni ofbeldis gegn börnum.

Hér greina um 5% svarenda frá því að börnin hafi búið við daglegt ofbeldi. Ef við leggjum saman hlutfall kvenna sem greindu frá ofbeldi gegn börnum í hverri viku, oft í viku og daglega er hlutfallið 35%. Í þessu samhengi eru 35% um 20 konur, athugið að hver kona getur verið að svara fyrir ofbeldi gegn fleiri en einu barni.

Samanburður á tíðni ofbeldis eftir tegundum, þegar búið er að leggja saman hlutfall þeirra sem merktu við að ofbeldið ætti sér stað „daglega“, „oft í viku“ og „í hverri viku“:

- Andlegt ofbeldi: 84%
- Líkamlegt ofbeldi: 25%
- Fjárhagslegt ofbeldi: 49%
- Kynferðislegt ofbeldi: 38%
- Stafrænt ofbeldi: 34%
- Ofbeldi gegn börnum: 35%

Eðli sambandsins – Ekki reynsla af heimilisofbeldi

Eðli sambandsins – í þessum kafla verður farið yfir svör þeirra kvenna sem ekki hafa reynslu af heimilisofbeldi. Spurningarnar voru ekki eins og fyrir þann hóp kvenna sem hafði reynslu af ofbeldi, hér voru konur beðnar að lýsa *eðli sambandsins*.

Spurningin sem konur í samanburðarhópi fengu var svona:

Ef þú átt fleiri en eitt náð samband að baki þá ert þú beðin að velja það samband sem þú varst síðast í.


Vinsamlegast merktu við allt sem við á.

Ef eitthvað í hverri línu á við um þitt samband, ertu beðin um að merkja við þá línu, þó að ekki allt eigi við. Á eitthvað af eftirfarandi við úr þínu sambandi; hefur þú upplifað að hann hafi...

- ☐ ...stjórnað þér, kúgað, niðurlægt, einangrað þig eða hótað að skaða sig/drepa sig til að ná sínu fram?
- ☐ ...hótað að drepa þig?
- ☐ ...þvingað þig til kynferðislegra athafna, pressað/suðað/hótað, hefur þú vaknað við að hann er að hafa við þig samfarir?)
- ☐ ...hrint þér, slegið, ýtt, haldið fastri, kýlt þig, sparkað í, brennt þig, drekkt þér, kæft eða bitið?
- ☐ ...tekið þig kyrkingartaki (hálstaki/kverktaki), hvort sem þú misstir meðvitund eða ekki?
- ☐ ...skemmt hluti sem þú átt, valdið þér fjárhagslegum skaða, tekið launin þín, skert aðgang þinn að fjármunum?
- ☐ ...misnotað nafn þitt á samfélagsmiðlum, hótað þér gegnum miðla?
- ☐ ...hótað að birta/birt myndir af þér af kynferðislegum toga á samfélagsmiðlum
- ☐ ...sent þér stanslaus skilaboð, hringt stanslaust, elt þig, notað staðsetningarbúnað til að fylgjast með þér, birst óvænt heima hjá þér/á vinnustað þinn?

Einungis 16 konur (13%) af 124 svöruðu þessari spurningu.

Í mynd 8 er dreifing svara kvennanna 16 á upplifun þeirra á eðli sambandsins.



Mynd 8. Eðli sambandsins – ekki ofbeldisreynsla

Hér er athyglisvert að skoða svör kvenna sem upplifa ekki að þær hafi búið við heimilisofbeldi, en af þeim sem lýsa *eðli sambandsins* eru 14 konur (88%) sem hafa upplifað eitthvað af eftirfarandi:

...þvingað þig til kynferðislegra athafna, pressað/suðað/hótað, hefur þú vaknað við að hann er að hafa við þig samfarir?

en upplifa ekki og/eða skilgreina aðstöðuna sem ofbeldi gegn sér.

Að sama merkja 13% við þennan möguleika:

☐ ...hrint þér, slegið, ýtt, haldið fastri, kýlt þig, sparkað í, brennt þig, drekkt þér, kæft eða bitið?

En upplifa það ekki sem ofbeldi af hálfu maka.

Viðbrögð við ofbeldi

- Að ræða um ofbeldið

Einungis konurnar sem höfðu reynslu af ofbeldi fengu spurninguna:

„Rædduð þið einhvern tímann um að hann væri að beita þig ofbeldi? (Að viðhorf hans og hegðun væru í raun ofbeldi)“

Svarmöguleikarnir voru: „Já, nei, á ekki við/vil ekki svara“. Svarmöguleikinn „á ekki við/vil ekki svara“ var dreginn frá svörum kvennanna og einungis skoðað hlutfall þeirra sem segja „já“ eða „nei“.

Af þeim 197 sem tóku afstöðu til spurningarinnar sögðu 68% að ofbeldið hefði verið rætt en 32% sögðu að ofbeldið hefði ekki verið rætt. Með öðrum orðum, um þriðjungur kvennanna ræddi aldrei við sína maka um að þeir beiti þær ofbeldi.

- Að kenna einhverjum um ofbeldið

Einungis konurnar sem höfðu reynslu af ofbeldi fengu spurninguna:

„Kenndi hann þér um ofbeldið? (t.d. „þú gerir mig reiðan“, „ef þú værir ekki alltaf að segja þetta...“)

Svarmöguleikarnir voru: „Já, nei, á ekki við/vil ekki svara“. Svarmöguleikinn „á ekki við/vil ekki svara“ var dreginn frá svörum kvennanna og einungis skoðað hlutfall þeirra sem segja „já“ eða „nei“.

Af 202 konum sem tóku þátt í þessari könnun og höfðu reynslu af heimilisofbeldi svöruðu 197 konur þessari spurningu. Af þeim sögðu 90,9% þeirra að makinn kenndi þeim um ofbeldið en bara 9,1% kenndu konunni ekki um ofbeldið.

- | |
|-------------------------------------|
| - Lofa að þetta gerist aldrei aftur |
|-------------------------------------|

Einungis konurnar sem höfðu reynslu af ofbeldi fengu spurninguna:

„Lofaði hann að þetta myndi aldrei gerast aftur?“

Svarmöguleikarnir voru: „Já, nei, á ekki við/vil ekki svara“. Svarmöguleikinn „á ekki við/vil ekki svara“ var dreginn frá svörum kvennanna og einungis skoðað hlutfall þeirra sem segja „já“ eða „nei“.

Af konunum 202 sem höfðu reynslu af heimilisofbeldi svöruðu 194 spurningunni. Af þeim 194 konum sögðu 67% að gerendurnir hefðu lofað að þetta myndi aldrei gerast aftur en 33% lofuðu því ekki. Sem er athyglisvert í ljósi svara úr spurningunni á undan, að þetta sé konunni að kenna. Í fljótu bragði er erfitt að átta sig á því hvernig er hægt að lofa því að eitthvað gerist ekki aftur sem er ekki manni sjálfum að kenna. Stærstur hluti karla kennir konunni um ofbeldið og tekur þar af leiðandi ekki ábyrgð á því sjálfur, en á sama tíma lofar stærstur hluti karla í sama hópi að þetta muni ekki gerast aftur.

- | |
|----------------------|
| - Að afsaka ofbeldið |
|----------------------|

Einungis konurnar sem höfðu reynslu af ofbeldi fengu spurninguna:

„Reyndi hann að afsaka ofbeldið?“

Svarmöguleikarnir voru: „Já, nei, á ekki við/vil ekki svara“. Svarmöguleikinn „á ekki við/vil ekki svara“ var dreginn frá svörum kvennanna og einungis skoðað hlutfall þeirra sem segja „já“ eða „nei“.

Af konunum 202 sem höfðu reynslu af heimilisofbeldi svöruðu 195 konur þessari spurningu.

Af þeim sögðu 79% að hann reyndi að afsaka ofbeldið en 21% sögðu að hann reyndi ekki að afsaka ofbeldið.

Afsakanir ofbeldismanna; dæmi og þemu

Einungis konur sem höfðu reynslu af heimilisofbeldi fengu þessa spurningu:

„Ef já við spurningunni á undan, getur þú gefið mér dæmi um algengustu afsakanirnar sem hann gaf fyrir ofbeldinu?“

Hér er listi þeirra afsakana sem fram komu í könnuninni. Búið er að umorða sum dæmin til að má burt persónugreinanleg atriði:

Dæmi um afsakanir

1) Hann hefur ekki stjórn á sér

2) Mín sök

3) Ég var frek

4) Ég var mjó

5) Ég var feit

6) Ég var aumingi

7) Ég gerði hann reiðan

8) Erfið æska

9) „Þú ert svo leiðinleg“

10) „Þetta er eðlilegt“

11) „Þú ert bara of viðkvæm“

12) Erfitt hjá honum núna

13) Erfitt hjá honum í fortíðinni

14) Undir miklu álagi

15) Börnin of hávær

16) Ég gerði hann reiðan

17) Bræði

18) „Þú svarar ekki símanum“

19) Ég var drusla

20) Ég gerði hann að minni karlmanni

21) „Þú lést mig gera þetta“

22) „Það var þér að kenna“

23) Ég ögraði honum

24) Hann fékk svo slæmt uppeldi

25) Reiður eftir slæma uppeldið

26) Honum líður svo illa

27) Ég er svo vitlaus og reitti hann til reiði

28) Allir eru svo vondir við hann

29) Ég væri erfið og hann þurfti að halda mér til að ég hlustaði

30) Kærustur eiga ekkert að tala við aðra stráka

31) Kærustur eiga ekki að fá snapchat frá öðrum körlum

- | |
|--|
| 32) Kærustur eiga ekki að lána körlum kveikjara |
| 33) Ég var að misskilja |
| 34) Hann var of fullur |
| 35) „Þú gerir mig brjálaðan“ |
| 36) „Ef þú létir ekki svona“ |
| 37) „Þú ert vond móðir“ |
| 38) Ég gerði eitthvað rangt |
| 39) Hann elskaði mig svo mikið |
| 40) Þurfti að elta mig um allt því hann var hræddur um mig |
| 41) „Ég get bara ekkert að þessu gert“ |
| 42) „Þú ert ekkert betri“ |
| 43) Ég var klikkuð |
| 44) Ég var geðveik |
| 45) Ef þú hefðir ekki gert þetta eða hitt hefði ég ekki orðið svona reiður |
| 46) Ég þarf að vera reiður svo sé hlustað á mig |
| 47) Ef ég væri ekki svona lengi að svara ákveðnum skilaboðum |
| 48) Var fullur |
| 49) „Skal hætta að drekka“ |
| 50) Var reiður |
| 51) Á erfitt |
| 52) Erfið æska |
| 53) „Elska þig bara svo mikið“ |
| 54) Hann atvinnulaus |
| 55) Undir álagi |
| 56) Mér að kenna |
| 57) Öðrum að kenna |
| 58) Ég var svo fullur |
| 59) Hann undir miklu álagi |
| 60) Ég var ekki skilningsrík |
| 61) Ég skildi ekki hans þarfir |
| 62) Aðrir voru að pirra hann |
| 63) „Ef þú værir ekki svona og svona þyrfti ég ekki að láta svona“ |
| 64) Ég gerði eitthvað sem orsakaði ofbeldið |
| 65) Fyrirverandi hans var búin að rugla svo mikið í honum |
| 66) „Þú byrjaðir!“ |
| 67) Hann varð reiður |
| 68) Hann var þreyttur |
| 69) Hann var stressaður |
| 70) Hann missti stjórn á sér |
| 71) Erfiður uppvöxtur |
| 72) Þú gerir mig svo reiðan |
| 73) „Ég var ekki með sjálfum mér“ |

74)	„Missti stjórn“
75)	„Var fullur“
76)	Ég átti sökina
77)	Kenndi mér um
78)	Reyndi að sannfæra mig um að þetta væri ég
79)	„Það er enginn sem gerir mig svona reiðan...“
80)	„Þér að kenna“
81)	Ég hagaði mér ekki á ákveðinn hátt
82)	Ég hagaði mér á ákveðinn hátt
83)	Ég væri svo viðkvæm
84)	Átti svo erfiðan dag
85)	Ég gerði eitthvað sem triggeraði hann
86)	Honum líður svo illa
87)	„Þú lætur mér líða svo illa“
88)	Fyrirverandi hélt framhjá mér og þess vegna er ég svona stressaður
89)	„Ég er svo hæddur um að þú farir frá mér“
90)	„Ég elska þig svo mikið“
91)	Ég var geðveik
92)	Tekur svo á að búa með mér
93)	„Þú ert að ímynda þér þetta“
94)	„Þetta gerðist aldrei“
95)	Erfið æska
96)	Ég stuðaði hann
97)	Minnisleysi vegna ölvunar
98)	Ég var svo ópolandi
99)	„Ég elska þig svo mikið“
100)	„Ég þoli ekki að missa þig“
101)	Þreyttur
102)	Ég kom þessu af stað
103)	Ég var frek og kom honum til að berja mig
104)	Ég var alltaf svo leiðinleg
105)	Áfengi
106)	Fíkniefni
107)	Hann ræður því hann á húsið
108)	Hann var að róa mig niður, ég var svo æst
109)	Allt svo erfitt fyrir hann
110)	Hann átti erfitt í æsku
111)	Móðir beitti hann ofbeldi
112)	Hann væri með þessa og hina röskunina
113)	Ég bað um að vera nauðgað
114)	Misskilningur af minni hálfu
115)	Hann ætlaði ekki að vera reiður

116)	Kenndi mér um hans erfiðleika
117)	Alltaf eitthvað sem ég hafði gert
118)	Ég sagði eitthvað
119)	Hann hafði ekkert val því ég var svona eða hinsegin
120)	Ég var orsökinn
121)	„Ef þú hefðir ekki gert þetta hefði ég ekki gert þetta“
122)	Þetta var ómeðvitað
123)	Ég var að misskilja
124)	Ég var geðveik
125)	Ég var óábyrg móðir
126)	Ég var bara brotin af fyrri reynslu
127)	Mínar tilfinningar væru slæmar fyrir hann
128)	Ég gerði hluti vitlaust
129)	Ég var vitlaus
130)	Ég var aumingi
131)	Ég var að misskilja
132)	Ég gerði hann reiðan af því hann elskaði mig svo mikið
133)	Hann sagðist nú hafa vitað að hann gæti aldrei verið með konu eins og mér
134)	„Veit þú ert að fela eitthvað“
135)	„Elska þig bara svo mikið“
136)	„Þú átt þetta skilið“
137)	„Við hverju býstu þegar þú segir/gerir þetta?“
138)	„Þú ert með heimskulega hegðun“
139)	„Þú verður að sætt þig við afleiðingar af þinni hegðun“
140)	„Ég var fullur“
141)	„Ég var kvíðinn“
142)	„Ég treysti ekki öðrum“
143)	Ég var svo óheiðarleg
144)	Ég var ekki að gera rétt
145)	Ég var klikkuð
146)	Ég var svo óþolandi
147)	Ég var svo heimsk
148)	Ég var leiðinleg
149)	Ég var frek
150)	Ég var mikil drusla
151)	„Ég hélt þú vildir þetta í kynlífi“
152)	Ég var alltaf að kvarta
153)	Ég var með svo mikla stæla
154)	„Ef þú hefðir ekki verið svona og gert svona“
155)	Þetta var mér að kenna
156)	Ég bauð uppá þetta
157)	Hann var með geðröskun

158)	Ég gerði aldrei neitt rétt
159)	Þurfti að kenna mér með ofbeldi að hlýða
160)	Ég var svo hrokafull
161)	„Þú lætur mig meiða þig“
162)	„Ég bara veit ekki hvað ég er sterkur“
163)	„Það er þér að kenna ef ég þarf að meiða þig“
164)	„Þú gerir mig bara svo reiðan“
165)	„Þetta gerist ekki aftur því þú ætlar ekki að gera x aftur“
166)	„Það er ekki mér að kenna að þú hagir þér eins og fáviti“
167)	Ég væri geðveik
168)	„Ég missti mig bara því þú sagðir/gerðir þetta“
169)	Hann undir miklu álagi
170)	„Allir í langtímasamböndum halda framhjá“
171)	„Auðvitað horfa allir á klám!“
172)	„Auðvitað eiga allir nektarmyndir af sínum fyrrverandi“
173)	„Ég er með klámfíkn“
174)	„Margir gera svona á netinu (kynlífstengt)“
175)	Átti geðveika móður
176)	Ég gerði hann svo reiðan
177)	Álag í vinnunni
178)	Uppeldið hans

Tafla 3. Dæmi um afsakanir gerenda fyrir ofbeldi sem þeir beittu maka sína.

Ákveðið var að flokka þau dæmi sem konurnar gáfu sem afsakanir maka fyrir ofbeldinu í ákveðin þemu/atriðagreina dæmin. Hér má sjá þau dæmi sem konurnar gáfu.

Þemu	%
Mér (þolanda) að kenna	48%
Líðan hans núna/ hans röskun	11%
Ég geðveik/ ímynda mér/of viðkvæm/ég var að misskilja	7%
Æskan hans/uppeldið	6%
Álag á honum/erfitt hjá honum	6%
Hann ekki með stjórn	5%
Áfengið/fikniefnin	5%
„þetta er eðlilegt“	4%
„ég elska þig“	3%
Ég átti þetta skilið	2%
Eitthvað í umhverfinu núna	2%
Þetta er ekki mér (geranda) að kenna	2%

Tafla 4. Þemu/atriðagreining á afsökunum gerenda.

Eins og sést í samantekt í töflu er rauði þráðurinn hjá gerendum: *Þetta er ekki mér að kenna.*

Það lítur út fyrir að gerendum finnist að sé eðlilegt að skrifa sína hegðun og framkomu á til dæmis umhverfið, líðan, áreiti, stjórnleysi, vímuefni, normaliseringu eða annað. Það sé hin raunverulega „ástæða“ þess að þeir kjósa að beita ofbeldi, ekki að þeir ákveði að beita ofbeldinu.


Ásakanir um framhjáhald

Hér á eftir verða borin saman svör kvenna úr rannsóknarhópi (reynslu af heimilisofbeldi) við svör kvenna úr samanburðarhópi (ekki reynsla af heimilisofbeldi).

Spurningin var svona: „Sakaði hann þig um framhjáhald?“

Svarmöguleikarnir voru á 10 punkta skala frá 1 = nei, aldrei uppí 10 = já mjög oft

Alls svöruðu 199 konur af 202 sem höfðu reynslu af heimilisofbeldi og tóku þátt könnuninni þessari spurningu. Af konunum sem höfðu reynslu af heimilisofbeldi leit dreifing svara þeirra svona út:




Mynd 9. Framhjáhald - Ofbeldisreynsla

Hér mætti leggja saman hlutfall þeirra kvenna sem merktu við 8 – 9 – 10 og hugsanlega segja að þær hafi oft eða mjög oft verið sakaðar um framhjáhald. Samanlagt hlutfall kvenna með þá reynslu væri þá 38%.

Alls svöruðu 122 konur af 124 sem ekki höfðu reynslu af heimilisofbeldi og tóku þátt í rannsókninni þessari spurningu.

Af konunum sem höfðu ekki reynslu af heimilisofbeldi leit dreifing svara þeirra svona út:



Mynd 10. Framhjáald – Ekki ofbeldisreynsla

Það virðist munur á svörum kvennanna í hópunum tveimur, miklu færri konur sem ekki hafa reynslu af heimilisofbeldi hafa verið sakaðar mjög oft um framhjáald. Einungis 1% þeirra á móti 28% kvenna í rannsóknarhópnum.


Leggjum saman svör þeirra sem sögðu að maðinn sakaði þær oft eða mjög oft um framhjáald, er samanlagt hlutfall þeirra kvenna væri þá 3%, en sambærilegt hlutfall í rannsóknarhópi var 38%.

Að vita nákvæmlega hvar makinn er staddur og með hverjum

Við lögðum þessa spurningu fyrir konurnar í báðum hópum:

„Vildi hann oft vita nákvæmlega hvert þú fórst, með hverjum og/eða hversu lengi þú ætlaðir að vera?“

Af konum sem höfðu reynslu af heimilisofbeldi svöruðu 189 konur af 202 spurningunni og skiptust svörin þeirra svona:



Mynd 11. Að vita nákvæmlega hvar hún er

Þessi upplifun kvenna sem hafa reynslu af ofbeldissambandi virðist algeng þar sem 81% þeirra sem taka afstöðu til spurningarinnar svara henni játandi.

Af konum sem höfðu ekki reynslu af heimilisofbeldi svöruðu 113 konur af 124 spurningunni og skiptust svörin þeirra svona:



Mynd 12. Að vita nákvæmlega hvar hún er

Ef við berum saman myndirnar tvær snúast svörin eiginlega við, það er að segja mikill meirihluti eða 81% kvenna sem hafa reynslu af heimilisofbeldi greina frá því að makinn hafi oft viljað vita nákvæmlega hvert hún var að fara, með hverjum og / eða hversu lengi hún ætlaði að vera, á meðan 11% kvennanna úr samanburðarhópnum greina frá því sama.


Ef við skoðum neitanirnar við þessari spurningu þá eru bara 19% af konunum í rannsóknarhópi sem kannast ekki við þessa lýsingu úr sínu sambandi en tæp 90% kvenna sem ekki hafa búið við heimilisofbeldi kannast ekki við það að þurfa að gera nákvæmlega grein fyrir ferðum sínum, með hverjum og hversu lengi þær ætli að vera í burtu.

Aðrir „fífl og fávitar“

Við lögðum þessa spurningu fyrir konurnar í báðum hópum:

„Talaði hann oft eins og aðrir í kringum ykkur væru „fífl og fávitar“?“


Af konum sem höfðu reynslu af heimilisofbeldi svöruðu 194 konur af 202 spurningunni og skiptust svör þeirra svona:



Mynd 13. Aðrir „fífl og fávitar“ - Ofbeldisreynsla

Mikill meirihluti kvenna sem hefur reynslu af heimilisofbeldi svaraði því játandi (88%) að maki þeirra teldi aðra í kringum sig vera „fífl og fávita“. En 12% sögðust ekki hafa orðið varar við slíka upplifun makans.

Af konum sem höfðu ekki reynslu af heimilisofbeldi svöruðu 114 konur af 124 spurningunni og skiptust svör þeirra svona:



Mynd 14. Aðrir „fífl og fávitar“ – ekki ofbeldisreynsla.

Miðað við svörin þá hafa 16% þátttakenda sem ekki hafa reynslu af ofbeldi þá upplifun að maka finnist aðrir í kringum ykkur vera „fífl og fávitar“. Langstærstur hluti (84%) þátttakanda í þessum hópi upplifði ekki að makanum fyndist aðrir vera „fífl og fávitar“

Fyrrverandi eru „geðveikar“ og ekki mark á þeim takandi


Við lögðum þessa spurningu fyrir konur í báðum hópum:

„Talaði hann um að fyrrverandi makar sínir væru „geðveik/ar“ og ekkert að marka sem hún/þær segja?“

Þetta voru svarmöguleikarnir:

- Nei
- Já „geðveik/ar“ að hans mati
- Já, ekkert að marka sem hún/þær segja
- Já bæði „geðveik/ar“ og ekkert að marka sem hún/þær segja

Af þeim 202 konum sem tóku þátt og höfðu reynslu af heimilisofbeldi svöruðu 197 þessari spurningu. Af konunum 124 sem ekki höfðu reynslu af heimilisofbeldi svöruðu 123 spurningunni. Svör þeirra eru birt í mynd 15.



Mynd 15. Fyrrverandi „geðveik/ar“ og ekkert mark á þeim takandi.

Hér er athyglisverðast að skoða súlurnar tvær í „Já bæði „geðveik/ar“ og ekkert að marka sem hún/þær segja“. Alls kannast 69% svarenda úr rannsóknarhópi við lýsingu maka á að hans fyrrverandi séu „geðveikar og/eða ekkert mark á þeim takandi“. Merkilegt verður að teljast að gerendur í ofbeldissamböndum virðast eiga miklu meiri reynslu af því að hafa átt fyrrverandi maka sem eru „geðveikar“. Einungis þriðjungur (31%) kvenna sem hafa reynslu af heimilisofbeldi kannast ekki við þessa lýsingu ofbeldismanns á hans fyrrverandi.

Einnig er markvert að um 85% kvenna sem ekki hafa reynslu af ofbeldissambandi kannst ekki við þessa lýsingu maka á hans fyrrverandi.

Veitti hann þér einhvern tímann áverka?


Báðir hóparnir fengu þessa spurningu:

Ef við á, veitti hann þér einhvern tímann áverka?

Svarmöguleikarnir voru

- Já
- Nei
- Á ekki við / vil ekki svara

Af þeim konum sem höfðu reynslu af ofbeldi svaraði 201 kona af 202 spurningunni. Í samanburðarhópnum svaraði 121 kona spurningunni af 124. Svör þeirra skiptust svona:



Mynd 16. Samanburður – hefur hann veitt þér áverka?

Hér er athyglisvert að sjá að meira en helmingur kvenna sem hefur reynslu af heimilisofbeldi hefur hlotið áverka eftir maka sinn en 4% kvenna sem ekki hafa reynslu af ofbeldissamböndum.

Reyndar er umhugsunarvert að 4% kvenna sem ekki telja sig hafa reynslu af ofbeldissambandi hafa samt sem áður reynslu af því að makinn hafi veitt þeim áverka.

Lögregluafskipti vegna ofbeldis/hegðunar makans

Konurnar sem höfðu reynslu af heimilisofbeldi fengu spurninguna:

Ef við á, hefur lögreglan haft afskipti af því ofbeldi sem hann beitti þig?

Alls svöruðu 199 konur af 202 spurningunni.


Konurnar sem ekki höfðu reynslu af heimilisofbeldi fengu spurninguna:

Ef við á, hefur lögreglan haft afskipti af hans hegðun gagnvart þér?

Svarmöguleikarnir voru

- Já
- Nei
- Á ekki við / vil ekki svara

Alls svöruðu 119 konur af 124 spurningunni. Samanburður á svörum má sjá í mynd 1.



Mynd 17. Hefur lögreglan haft afskipti vegna ofbeldis/hegðunar maka gagnvart þér - Samanburður

Hér er áhugavert að skoða „Já“ svörin milli hópanna tveggja. Bæði að því leiti að tæp 40% kvennanna í heimilisofbeldishópnum greina frá því að lögreglan hafi haft afskipti af ofbeldi makans en einnig að 2% kvenna í hinum hópnum greina frá því sama, en flokka það samt ekki sem reynslu af heimilisofbeldi.

Hefur maki verið kærður fyrir ofbeldi/hegðun sína?

Konurnar sem höfðu reynslu af heimilisofbeldi fengu spurninguna:

Ef við á, hefur þú kært ofbeldismann til lögreglu vegna heimilisofbeldis?

Svarmöguleikarnir voru

- Já
- Nei
- Á ekki við / vil ekki svara

Allar konurnar sem höfðu reynslu af heimilisofbeldi og tóku þátt í þessari könnun svöruðu þessari spurningu.

Konurnar sem ekki höfðu reynslu af heimilisofbeldi fengu spurninguna:


Ef við á, hefur þú kært hann til lögreglu vegna hegðunar hans?

Svarmöguleikarnir voru

- Já
- Nei
- Á ekki við / vil ekki svara

Alls svöruðu 120 konur af 124 konum í samanburðarhópi spurningunni.

Samanburður á svörum má sjá í mynd 18.



Mynd 18. Kæra vegna ofbeldis/hegðunar - Samanburður

Tæp 20% kvennanna sem hafa reynslu af ofbeldissambandi hafa kært ofbeldið til lögreglunnar. Það er svipuð tala og kemur fram í ársskýrslu Kvennaathvarfsins frá 2017. „Hlutfall kvenna sem höfðu kært ofbeldið þegar þær komu í athvarfið árið 2017 var 18% en var 21% árið á undan.“

Hefur hann leitað aðstoðar hjá Heimilisfriði?


Konurnar í báðum hópnum fengu sömu spurningu:

Hefur hann einhvern tímann leitað sér aðstoðar vegna hegðunar sinnar eins og t.d. hjá Heimilisfriði (áður Karlar til ábyrgðar)?

- Já
- Nei
- Á ekki við / vil ekki svara

Alls svaraði 201 kona af 202 konum úr hópnum sem hafði reynslu af heimilisofbeldi spurningunni og 121 kona af 124 úr samanburðarhópnum.

Í mynd 19 er samanburður á svörum þeirra.



Mynd 19. Hefur hann leitað sér aðstoðar vegna hegðunar sinnar? - Samanburður

Eins og sjá má á mynd 19 hafa fæstir ofbeldismannanna leitað sér aðstoðar.

Upplifun kvenna á persónuleika maka

Athugasemd: Svarmöguleikarnir voru á tíu punkta skala þar sem 1 = mjög ósammála og 10 = mjög sammála.

Hér hefði mögulega verið heppilegra að hafa svarmöguleikana;

1 = Já, mjög oft

2 = Oft

3 = Á ekki við

4 = Sjaldan

5 = Nei, aldrei

Gallinn við slíka uppsetningu er að ekki er víst að allir þátttakendur upplifi „bilið“ á milli t.d. „oft“ og „mjög oft“ nákvæmlega eins. Ekki er heldur raunverulega jafn mikið bil á milli svarmöguleikanna; „mjög oft“ er t.d. ekki helmingi oftar en „oft“, svo dæmi sé tekið. Slíkt túlkunaratriði í svarmöguleikum gerir niðurstöður hugsanlega óáreiðanlegri.

Nú verða borin saman svör kvennanna úr hópnum tveimur hvað varðar upplifun kvenna á persónuleika makans.

Almennt má segja að ef við skoðum jákvætt hlaðnar fullyrðingar eins og að vera skilningsríkur, stoltur af maka sínum, jákvæðni, þolinmæði, stuðningur og að vera í góðu sambandi við fjölskyldu sína þá eru þátttakendur sem hafa reynslu af ofbeldi almennt ósammála slíkum jákvæðum fullyrðingum. Að sama skapi eru þátttakendur sem hafa reynslu af ofbeldi almennt sammála neikvæðum fullyrðingum á borð við að makinn sé afbrýðisamur, stjórnsamur, gagnrýnninn, einangri þær, sé tortrygginn, óþolinmóður og neikvæður.


Afbrýðisemi

Konurnar úr báðum hópnum fengu sömu fullyrðingu til að taka afstöðu til:

Ég upplifði að hann væri afbrýðisamur.

Svarmöguleikarnir voru á tíu punkta skala þar sem 1 = mjög ósammála og 10 = mjög sammála.

Alls svöruðu allar 202 konurnar úr hópnum sem hafði reynslu af heimilisofbeldi en 122 af 124 konum í samanburðarhópnum. Sjá samanburð í mynd 19.



Mynd 19. Afbrýðisemi

Af konunum sem hafa ofbeldisreynslu segir helmingur þeirra (50%) að þær séu *mjög sammála* því að hafa upplifað makann afbrýðisaman en einungis 4% kvenna í samanburðarhópnum eru *mjög sammála* því að hafa slíka upplifun.

Til að átta sig betur á stöðunni mætti leggja saman svör þeirra kvenna sem hafa reynslu af ofbeldissambandi og eru „mest“ sammála spurningunni um að hafa upplifað afbrýðisemi af hálfu maka (svöruðu 8, 9 eða 10). Með að

leggja saman þessi svör fáum við út að 66,3% eru sammála eða mjög sammála því að hafa upplifað makinn sé afbrýðisamur.

Ef við áætluðum að þær sem gáfu svörin 1, 2 og 3 séu þá ósammála og mjög ósammála og leggjum saman svörin frá konum sem ekki hafa reynslu af ofbeldi sjáum við að 73% eru ósammála eða mjög ósammála því að hafa upplifað að makinn sé afbrýðisamur.


Skilningsríkur

Báðir hóparnir fengu þessa fullyrðingu:

Ég upplifði að hann væri skilningsríkur. Bæði í minn garð og annarra.

Svarmöguleikarnir voru á tíu punkta skala þar sem 1 = mjög ósammála og 10 = mjög sammála.

Allar 202 konurnar í rannsóknarhópi (reynslu af ofbeldi) svöruðu spurningunni en 123 konur af 124 konum í samanburðarhópnum svöruðu spurningunni. Samanburð á svörum þeirra má sjá í mynd 20.



Mynd 20. Skilningsríkur

Um 73% kvenna með ofbeldisreynslu sögðust ósammála eða mjög ósammála því að makinn væri skilningsríkur, á móti 4% kvenna sem ekki höfðu ofbeldisreynslu.

Skoðum konur sem eru ekki með ofbeldisreynslu; samtals voru 69% svarenda sammála eða mjög sammála því að makinn væri skilningsríkur, á móti 3% kvenna með reynslu af ofbeldi.


Hann er stoltur af mér

Báðir hóparnir fengu þessa fullyrðingu:

Ég upplifði að hann væri stoltur af mér.

Svarmöguleikarnir voru á tíu punkta skala þar sem 1 = mjög ósammála og 10 = mjög sammála.

Alls svöruðu allar 202 konurnar úr hópnum sem hafði reynslu af heimilisofbeldi en 123 af 124 konum í hinum hópnum. Samanburður er í mynd 21.



21. Stoltur af mér

Ef við skoðum konur sem eru ekki með ofbeldisreynslu og leggjum saman svör þeirra sem svöruðu á bilinu 8 – 9 – 10 þá voru samtals 78% svarenda sammála eða mjög sammála því að makinn væri skilningsríkur, á móti 11% kvenna með reynslu af ofbeldi.

Á hinn bóginn voru 57% kvenna með ofbeldisreynslu ósammála eða mjög ósammála því að makinn væri skilningsríkur, á móti 5% kvenna sem ekki höfðu ofbeldisreynslu.


Stjórnsemi

Báðir hóparnir fengu þessa fullyrðingu:

Ég upplifði að hann væri stjórnsamur.

Svarmöguleikarnir voru á tíu punkta skala þar sem 1 = mjög ósammála og 10 = mjög sammála.

Alls svöruðu allar 202 konurnar úr hópnum sem hafði reynslu af heimilisofbeldi en 123 af 124 konum í hinum hópnum. Samanburður er í mynd 22.



Mynd

22. Stjórnsemi

Ef við skoðum konur sem eru ekki með ofbeldisreynslu og leggjum saman svör þeirra sem svöruðu á bilinu 8 – 9 – 10 þá voru samtals 9% svarenda sammála eða mjög sammála því að makinn væri stjórnsamur, á móti 84% kvenna með reynslu af ofbeldi.

Á hinn bóginn voru 3% kvenna með ofbeldisreynslu ósammála eða mjög ósammála því að makinn væri stjórnsamur. Af konum sem ekki höfðu ofbeldisreynslu sögðust 59% kvennanna ósammála eða mjög ósammála því að hann væri stjórnsamur.


Gagnrýni

Báðir hóparnir fengu þessa fullyrðingu:

Ég upplifði að hann væri gagnrýnninn á mig.

Svarmöguleikarnir voru á tíu punkta skala þar sem 1 = mjög ósammála og 10 = mjög sammála.

Alls svöruðu allar 202 konurnar úr hópnum sem hafði reynslu af heimilisofbeldi en 123 af 124 konum í hinum hópnum. Samanburður er í mynd 23.



Mynd

23. Gagnrýni

Ef við skoðum konur sem eru ekki með ofbeldisreynslu og leggjum saman svör þeirra sem svöruðu á bilinu 8 – 9 – 10 þá voru samtals 11% svarenda sammála eða mjög sammála því að makinn væri gagnrýnninn á sig, á móti 77% kvenna með reynslu af ofbeldi.

Að sama skapi voru 5% kvenna með ofbeldisreynslu ósammála eða mjög ósammála því að makinn væri gagnrýnninn á sig. Af konum sem ekki höfðu ofbeldisreynslu sögðust 67% kvennanna ósammála eða mjög ósammála því að makinn væri gagnrýnninn á sig.


Ég upplifði að hann væri óöruggur með sig

Báðir hóparnir fengu þessa fullyrðingu:

Ég upplifði að hann væri óöruggur með sig.

Svarmöguleikarnir voru á tíu punkta skala þar sem 1 = mjög ósammála og 10 = mjög sammála.

Alls svöruðu allar 202 konurnar úr hópnum sem hafði reynslu af heimilisofbeldi en 123 af 124 konum í hinum hópnum. Samanburður er í mynd 24.



24. Hann er óöruggur með sig

Ef við skoðum konur sem eru ekki með ofbeldisreynslu og leggjum saman svör þeirra sem svöruðu á bilinu 8 – 9 – 10 þá voru samtals 15% svarenda sammála eða mjög sammála því að makinn væri óöruggur með sig, á móti 53% kvenna með reynslu af ofbeldi.

Að sama skapi voru 21% kvenna með ofbeldisreynslu ósammála eða mjög ósammála því að makinn væri óöruggur með sig. Af konum sem ekki höfðu ofbeldisreynslu sögðust 57% kvennanna ósammála eða mjög ósammála því að makinn væri óöruggur með sig.


Ég upplifði að hann væri þolinmóður

Báðir hóparnir fengu þessa fullyrðingu:

Ég upplifði að hann væri þolinmóður.

Svarmöguleikarnir voru á tíu punkta skala þar sem 1 = mjög ósammála og 10 = mjög sammála.

Alls svöruðu allar 202 konurnar úr hópnum sem hafði reynslu af heimilisofbeldi en 123 af 124 konum í hinum hópnum. Sjá samanburð í mynd 25.



Mynd 25. Þolinmæði

Ef við skoðum konur sem eru ekki með ofbeldisreynslu og leggjum saman svör þeirra sem svöruðu á bilinu 8 – 9 – 10 þá voru samtals 57% svarenda sammála eða mjög sammála því að makinn væri þolinmóður, á móti 7% kvenna með reynslu af ofbeldi.

Að sama skapi voru 70% kvenna með ofbeldisreynslu ósammála eða mjög ósammála því að makinn væri þolinmóður. Af konum sem ekki höfðu ofbeldisreynslu sögðust 11% kvennanna ósammála eða mjög ósammála því að makinn væri þolinmóður.


Ég upplifði að hann væri tortrygginn

Báðir hóparnir fengu þessa fullyrðingu:

Ég upplifði að hann væri tortrygginn.

Svarmöguleikarnir voru á tíu punkta skala þar sem 1 = mjög ósammála og 10 = mjög sammála.

Alls svöruðu allar 202 konurnar úr hópnum sem hafði reynslu af heimilisofbeldi en 123 af 124 konum í hinum hópnum. Sjá samanburð í mynd 26.



Mynd 26. Tortryggni.

Ef við skoðum konur sem eru ekki með ofbeldisreynslu og leggjum saman svör þeirra sem svöruðu á bilinu 8 – 9 – 10 þá voru samtals 4% svarenda sammála eða mjög sammála því að makinn væri tortrygginn, á móti 66% kvenna með reynslu af ofbeldi.

Að sama skapi voru 11% kvenna með ofbeldisreynslu ósammála eða mjög ósammála því að makinn væri tortrygginn. Af konum sem ekki höfðu ofbeldisreynslu sagðist 81% kvennanna ósammála eða mjög ósammála því að makinn væri tortrygginn.


Ég upplifði að hann væri með gott sjálfstraust

Báðir hóparnir fengu þessa fullyrðingu:

Ég upplifði að hann væri með gott sjálfstraust.

Svarmöguleikarnir voru á tíu punkta skala þar sem 1 = mjög ósammála og 10 = mjög sammála.

Alls svaraði 201 kona úr hópnum sem hafði reynslu af heimilisofbeldi en 122 af 124 konum í hinum hópnum. Samanburður er í mynd 27.



Mynd 27. Hann er með gott sjálfstraust.

Ef við skoðum konur sem eru ekki með ofbeldisreynslu og leggjum saman svör þeirra sem svöruðu á bilinu 8 – 9 – 10 þá voru samtals 57% svarenda sammála eða mjög sammála því að makinn væri með gott sjálfstraust, á móti 31% kvenna með reynslu af ofbeldi.

Að sama skapi voru 40% kvenna með ofbeldisreynslu ósammála eða mjög ósammála því að makinn væri með gott sjálfstraust. Af konum sem ekki höfðu ofbeldisreynslu sögðust 8% kvennanna ósammála eða mjög ósammála því að makinn væri með gott sjálfstraust.


Jákvæðni

Báðir hóparnir fengu þessa fullyrðingu:

Ég upplifði að hann væri jákvæður.

Svarmöguleikarnir voru á tíu punkta skala þar sem 1 = mjög ósammála og 10 = mjög sammála.

Alls svöruðu 202 konur úr hópnum sem hafði reynslu af heimilisofbeldi en 123 af 124 konum í hinum hópnum. Samanburður er í mynd 28.



Mynd 28. Jákvæðni.

Ef við skoðum konur sem eru ekki með ofbeldisreynslu og leggjum saman svör þeirra sem svöruðu á bilinu 8 – 9 – 10 þá voru samtals 56% svarenda sammála eða mjög sammála því að makinn væri jákvæður, á móti 7% kvenna með reynslu af ofbeldi.

Að sama skapi voru 56% kvenna með ofbeldisreynslu ósammála eða mjög ósammála því að makinn væri jákvæður. Af konum sem ekki höfðu ofbeldisreynslu sögðust 10% kvennanna ósammála eða mjög ósammála því að makinn væri jákvæður.


Ópolinmæði

Báðir hóparnir fengu þessa fullyrðingu:

Ég upplifði að hann væri ópolinmóður.

Svarmöguleikarnir voru á tíu punkta skala þar sem 1 = mjög ósammála og 10 = mjög sammála.

Alls svöruðu 202 konur úr hópnum sem hafði reynslu af heimilisofbeldi en 122 af 124 konum í hinum hópnum. Samanburður í mynd 29.



Mynd 29. Ópolinmæði.

Ef við skoðum konur sem eru ekki með ofbeldisreynslu og leggjum saman svör þeirra sem svöruðu á bilinu 8 – 9 – 10 þá voru samtals 9% svarenda sammála eða mjög sammála því að makinn væri ópolinmóður, á móti 68% kvenna með reynslu af ofbeldi.

Að sama skapi voru 9% kvenna með ofbeldisreynslu ósammála eða mjög ósammála því að makinn væri ópolinmóður. Af konum sem ekki höfðu ofbeldisreynslu sögðust 56% kvennanna ósammála eða mjög ósammála því að makinn væri ópolinmóður.


Feimni

Báðir hóparnir fengu þessa fullyrðingu:

Ég upplifði að hann væri feiminn.

Svarmöguleikarnir voru á tíu punkta skala þar sem 1 = mjög ósammála og 10 = mjög sammála.

Alls svöruðu 202 konur úr hópnum sem hafði reynslu af heimilisofbeldi en 123 af 124 konum í hinum hópnum. Sjá samanburð í mynd 30.



Mynd 30. Feimni.

Ef við skoðum konur sem eru ekki með ofbeldisreynslu og leggjum saman svör þeirra sem svöruðu á bilinu 8 – 9 – 10 þá voru samtals 15% svarenda sammála eða mjög sammála því að makinn væri feiminn, á móti 18% kvenna með reynslu af ofbeldi.

Að sama skapi voru 53% kvenna með ofbeldisreynslu ósammála eða mjög ósammála því að makinn væri feiminn. Af konum sem ekki höfðu ofbeldisreynslu sögðust 51% kvennanna ósammála eða mjög ósammála því að makinn væri feiminn.


Neikvæðni

Báðir hóparnir fengu þessa fullyrðingu:

Ég upplifði að hann væri neikvæður.

Svarmöguleikarnir voru á tíu punkta skala þar sem 1 = mjög ósammála og 10 = mjög sammála.

Alls svöruðu 202 konur úr hópnum sem hafði reynslu af heimilisofbeldi en 123 af 124 konum í hinum hópnum. Sjá samanburð í mynd 31.



Mynd 31. Neikvæðni.

Ef við skoðum konur sem eru ekki með ofbeldisreynslu og leggjum saman svör þeirra sem svöruðu á bilinu 8 – 9 – 10 þá voru samtals 8% svarenda sammála eða mjög sammála því að makinn væri neikvæður, á móti 60% kvenna með reynslu af ofbeldi.

Að sama skapi voru 9% kvenna með ofbeldisreynslu ósammála eða mjög ósammála því að makinn væri neikvæður. Af konum sem ekki höfðu ofbeldisreynslu sögðust 54% kvennanna ósammála eða mjög ósammála því að makinn væri neikvæður.

Hægt er að bera saman svör þátttakenda varðandi „jákvæðni“ í mynd 28 á bls 60.

Stuðningur fyrir mig


Báðir hóparnir fengu þessa fullyrðingu:

Ég upplifði að hann væri stuðningur fyrir mig.

Svarmöguleikarnir voru á tíu punkta skala þar sem 1 = mjög ósammála og 10 = mjög sammála.

Alls svöruðu 202 konur úr hópnum sem hafði reynslu af heimilisofbeldi en 123 af 124 konum í hinum hópnum.

Sjá samanburð í mynd 32.



Mynd 32. Stuðningur.

Ef við skoðum konur sem eru ekki með ofbeldisreynslu og leggjum saman svör þeirra sem svöruðu á bilinu 8 – 9 – 10 þá voru samtals 74% svarenda sammála eða mjög sammála því að makinn væri stuðningur fyrir sig, á móti 6% kvenna með reynslu af ofbeldi.

Að sama skapi voru 69% kvenna með ofbeldisreynslu ósammála eða mjög ósammála því að makinn væri stuðningur fyrir sig. Af konum sem ekki höfðu ofbeldisreynslu sögðust 5% kvennanna ósammála eða mjög ósammála því að makinn væri stuðningur fyrir sig.


Vinir mínir ekki nógu góðir fyrir mig

Báðir hóparnir fengu þessa fullyrðingu:

Ég upplifði að honum fyndist vinir mínir ekki nógu góðir fyrir mig.

Svarmöguleikarnir voru á tíu punkta skala þar sem 1 = mjög ósammála og 10 = mjög sammála.

Alls svöruðu 202 konur úr hópnum sem hafði reynslu af heimilisofbeldi en 123 af 124 konum í hinum hópnum. Sjá samanburð í mynd 33.



Mynd 33. Vinir mínir ekki nógu góðir fyrir mig.

Ef við skoðum konur sem eru ekki með ofbeldisreynslu og leggjum saman svör þeirra sem svöruðu á bilinu 8 – 9 – 10 þá voru samtals 7% svarenda sammála eða mjög sammála því að makanum fannst vinir hennar ekki nógu góðir, á móti 57% kvenna með reynslu af ofbeldi.

Að sama skapi voru 16% kvenna með ofbeldisreynslu ósammála eða mjög ósammála því að maka fannst vinir hennar ekki nógu góðir. Af konum sem ekki höfðu ofbeldisreynslu sögðust 81% kvennanna ósammála eða mjög ósammála því að makanum fannst vinir hennar ekki nógu góðir fyrir hana.


Einangrun

Báðir hóparnir fengu þessa fullyrðingu:

Ég upplifði að hann einangraði mig frá fjölskyldu og vinum.

Svarmöguleikarnir voru á tíu punkta skala þar sem 1 = mjög ósammála og 10 = mjög sammála.

Alls svöruðu 202 konur úr hópnum sem hafði reynslu af heimilisofbeldi en 123 af 124 konum í hinum hópnum. Sjá samanburð í mynd 34.



Mynd 34. Einangrun.

Ef við skoðum konur sem eru ekki með ofbeldisreynslu og leggjum saman svör þeirra sem svöruðu á bilinu 8 – 9 – 10 þá var samtals 1% svarenda sammála eða mjög sammála því að makinn einangraði sig frá fjölskyldu og vinum, á móti 64% kvenna með reynslu af ofbeldi.

Að sama skapi voru 12% kvenna með ofbeldisreynslu ósammála eða mjög ósammála því að maki einangraði sig. Af konum sem ekki höfðu ofbeldisreynslu sögðust 82% kvennanna ósammála eða mjög ósammála því að makinn einangraði sig frá fjölskyldu og vinum.


Ég upplifði að hann gerði lítið úr mér

Báðir hóparnir fengu þessa fullyrðingu:

Ég upplifði að hann gerði lítið úr mér.

Svarmöguleikarnir voru á tíu punkta skala þar sem 1 = mjög ósammála og 10 = mjög sammála.

Alls svöruðu 202 konur úr hópnum sem hafði reynslu af heimilisofbeldi en 123 af 124 konum í hinum hópnum. Sjá samanburð í mynd 35.

**Mynd 35. Hann gerði lítið úr mér**

Ef við skoðum konur sem eru ekki með ofbeldisreynslu og leggjum saman svör þeirra sem svöruðu á bilinu 8 – 9 – 10 þá voru samtals 5% svarenda sammála eða mjög sammála því að maðinn gerði lítið úr sér, á móti 78% kvenna með reynslu af ofbeldi.

Að sama skapi voru 6% kvenna með ofbeldisreynslu ósammála eða mjög ósammála því að maðinn gerði lítið úr sér. Af konum sem ekki höfðu ofbeldisreynslu sögðust 84% kvennanna ósammála eða mjög ósammála því að maðinn gerði lítið úr sér.


Stjórnun

Báðir hóparnir fengu þessa fullyrðingu:

Ég upplifði að hann vildi stjórna mér.

Svarmöguleikarnir voru á tíu punkta skala þar sem 1 = mjög ósammála og 10 = mjög sammála.

Alls svöruðu 202 konur úr hópnum sem hafði reynslu af heimilisofbeldi en 122 af 124 konum í hinum hópnum. Sjá samanburð í mynd 37.



Mynd 37. Hann vildi stjórna mér.

Ef við skoðum konur sem eru ekki með ofbeldisreynslu og leggjum saman svör þeirra sem svöruðu á bilinu 8 – 9 – 10 þá voru samtals 6% svarenda sammála eða mjög sammála því að makinn vildi stjórna sér, á móti 88% kvenna með reynslu af ofbeldi.

Að sama skapi voru 4% kvenna með ofbeldisreynslu ósammála eða mjög ósammála því að maki vildi stjórna sér. Af konum sem ekki höfðu ofbeldisreynslu sögðust 76% kvennanna ósammála eða mjög ósammála því að makinn vildi stjórna sér.


Hann á marga góða vini

Báðir hóparnir fengu þessa fullyrðingu:

Ég upplifði að hann ætti marga góða vini.

Svarmöguleikarnir voru á tíu punkta skala þar sem 1 = mjög ósammála og 10 = mjög sammála.

Alls svöruðu 202 konur úr hópnum sem hafði reynslu af heimilisofbeldi en 123 af 124 konum í hinum hópnum. Samanburður er sýndur í mynd 38.



Mynd 38. Hann á marga góða vini.

Ef við skoðum konur sem eru ekki með ofbeldisreynslu og leggjum saman svör þeirra sem svöruðu á bilinu 8 – 9 – 10 þá var samtals 41% svarenda sammála eða mjög sammála því að makinn ætti marga góða vini, á móti 18% kvenna með reynslu af ofbeldi.

Að sama skapi voru 60% kvenna með ofbeldisreynslu ósammála eða mjög ósammála því að maki ætti marga góða vini. Af konum sem ekki höfðu ofbeldisreynslu sögðust 18% kvennanna ósammála eða mjög ósammála því að makinn ætti marga góða vini.


Samband makans við fjölskyldu sína

Báðir hóparnir fengu þessa fullyrðingu:

Ég upplifði að hann væri í góðu sambandi við fjölskyldu sína.

Svarmöguleikarnir voru á tíu punkta skala þar sem 1 = mjög ósammála og 10 = mjög sammála.

Alls svöruðu 202 konur úr hópnum sem hafði reynslu af heimilisofbeldi en 123 af 124 konum í hinum hópnum. Sjá samanburð í mynd 38.



Mynd 38. Gott samband við fjölskyldu sína.

Ef við skoðum konur sem eru ekki með ofbeldisreynslu og leggjum saman svör þeirra sem svöruðu á bilinu 8 – 9 – 10 þá voru samtals 66% svarenda sammála eða mjög sammála því að makinn væri í góðu sambandi við fjölskyldu sína, á móti 20% kvenna með reynslu af ofbeldi.

Að sama skapi voru 47% kvenna með ofbeldisreynslu ósammála eða mjög ósammála því að maki væri í góðu sambandi við fjölskyldu sína. Af konum sem ekki höfðu ofbeldisreynslu sögðust 10% kvennanna ósammála eða mjög ósammála því að makinn væri í góðu sambandi við fjölskyldu sína.


Gott samband við fyrrverandi maka

Báðir hóparnir fengu þessa fullyrðingu:

Ef við á; ég upplifði að hann væri í góðu sambandi við sína(r) fyrrverandi.

Svarmöguleikarnir voru á tíu punkta skala þar sem 1 = mjög ósammála og 10 = mjög sammála.

Alls svöruðu 179 konur úr hópnum sem hafði reynslu af heimilisofbeldi en 93 af 124 konum í hinum hópnum. Sjá mynd 39.



Mynd 39. Gott samband við fyrrverandi maka.

Ef við skoðum konur sem eru ekki með ofbeldisreynslu og leggjum saman svör þeirra sem svöruðu á bilinu 8 – 9 – 10 þá voru samtals 15% svarenda sammála eða mjög sammála því að makinn væri í góðu sambandi við sína(r) fyrrverandi, á móti 5% kvenna með reynslu af ofbeldi.

Að sama skapi voru 73% kvenna með ofbeldisreynslu ósammála eða mjög ósammála því að maki væri í góðu sambandi við sína(r) fyrrverandi. Af konum sem ekki höfðu ofbeldisreynslu sögðust 46% kvennanna ósammála eða mjög ósammála því að makinn væri í góðu sambandi við sína(r) fyrrverandi.

Jákvæð atriði sem lýsa persónuleika hans best – Reynsla af heimilisofbeldi

162 konur (80%) af 202 sem höfðu reynslu af heimilisofbeldi svöruðu spurningunni „Getur þú nefnt þrjú jákvæð atriði sem lýsa persónuleika hans best?“. Svör þeirra voru flokkuð saman til að athuga hvaða atriði voru oftast nefnd. Orð eins og „klár“, „gáfaður“, „greindur“ fóru í einn flokk. Orð eins og „sjarmerandi“, „heillandi“, „kemur vel fyrir“ fóru í annan flokk.

Í töflu 5 hér fyrir neðan er samantekt á svörum kvennanna í hópnum *konur sem hafa reynslu af ofbeldissambandi*. Hlutfallið í hverri línu segir til um hversu stór hluti kvennanna í hópnum nefndi eitthvað af orðunum í línunni. Hér verða einungis nefndir fyrstu 12 flokkarnir með prósentuhlutfalli.

Ofbeldisreynsla – Jákvæð atriði	
1. Duglegur/vinnusamur/drifinn/drífandi/prautseigur/ósérhlífinn	12%
2. Fyndinn/húmoristi	11%
3. Sjarmerandi/heillandi/kemur vel fyrir	10%
4. Greindur/gáfaður/klár	9%
5. Hugulsamur/umhyggjusamur/tillitssamur/góðhjartaður/ástríkur/kærleiksríkur/hjálpsamur	5%
6. Nei, get ekki nefnt neitt	5%
7. Opinn/félagslyndur/vingjarnlegur/viðkunnanlegur/ræðinn	4%
8. Hugmyndaríkur/skapandi/hæfileikaríkur	4%
9. Barngóður/góður pabbi	4%
10. Skemmtilegur	4%
11. Jákvæður/glaðlyndur/kátur/glaður/glaðvær	4%
12. Hress/fjörugur/orkumikill	4%

Tafla 5. Flokkun á jákvæðum atriðum – Konur með ofbeldisreynslu

Önnur atriði sem konurnar nefndu voru; (13) rólegur/jarðbundinn, (14) stöðugur/yfirvegaður, (15) sjálfsöruggur/hrókur alls fagnaðar, (16) örlátur/sanngjarn/gjafmildur, (17) fjölskylduvænn/verndar vini sína/tryggur fjölskyldu sinni, (18) sannfærandi, (19) hlýr/nærgætinn/einlægur/tilfinninganæmur og (20) metnaðarfullur.

Jákvæð atriði sem lýsa persónuleika hans best – Ekki reynsla af heimilisofbeldi

Tekin voru saman svör 98 kvenna (79%) af 124 sem ekki höfðu reynslu af heimilisofbeldi og svöruðu spurningunni „Getur þú nefnt þrjú jákvæð atriði sem lýsa persónuleika hans best?“. Svörin þeirra voru flokkuð saman til að athuga hvaða atriði voru oftast og sjaldnast nefnd. Í töflu 6 er samantekt á svörum kvennanna. Hér verða einungis nefndir fyrstu 12 flokkarnir með prósentuhlutfalli.

Ekki ofbeldisreynsla – Jákvæð atriði	
1. Traustur/stöðugleiki/ábyrgur/samviskusamur/áreiðanlegur/öruggur	15%
2. Góður	10%
3. Hugulsamur/umhyggjusamur/tillitssamur/góðhjartaður/ástríkur/kærleiksríkur/hjálpsamur	9%
4. Duglegur/vinnusamur/drifinn/drífandi/þrautseigur/ósérhlífinn	7%
5. Skemmtilegur	7%
6. Fyndinn/húmoristi	6%
7. Hlýr/nærgætinn/einlægur/tilfinninganæmur	6%
8. Skilningsríkur/stuðningur/styðjandi/hvetjandi	5%
9. Þolinmóður	4%
10. Rólegur/jarðbundinn/stöðugur/yfirvegaður	4%
11. Greindur/gáfaður/klár	4%
12. Blíður/ljúfur	4%

Tafla 6. Flokkun á jákvæðum atriðum – Konur ekki með ofbeldisreynslu

Önnur atriði sem konurnar nefndu voru; (13) jákvæður/glaðlyndur/kátur/glaður/glaðvær, (14) opinn/félagslyndur/vingjarnlegur/viðkunnanlegur, (15) barngóður/góður pabbi, (16) hugmyndaríkur/ skapandi, (17) heiðarlegur/trúr/hreinskiptinn, (18) hress, (19) jafnaðargeð og (20) skipulagður/skynsamur.

Ef á að bera saman listana milli rannsóknarhóps og samanburðarhóps, þá nefna konurnar í samanburðarhóp (ekki með reynslu af ofbeldi) oftast atriði eins og *traust – góðmennsku og tillitssemi* á meðan konur í rannsóknarhóp (með reynslu af ofbeldi) nefna oftast atriði eins og *dugnað – fyndni og sjarma*. Það má svo velta fyrir sér hvers vegna listarnir eru svona ólíkir. Kannski er skýringin að hluta sú að stór hluti kvenna í samanburðarhóp er ennþá með manninum en einungis 6,5% af konum í rannsóknarhóp eru með manninum. Konur í rannsóknarhóp nefna það að vera opinn og félagslyndur í 7. sæti en það er í 14. sæti í samanburðarhópnum. Að vera góður maður og traustur er hvort tveggja ofarlega á blaði hjá samanburðarhóp (ekki reynsla af ofbeldi) en kemst ekki á blaði í rannsóknarhópnum (reynsla af ofbeldi).

Neikvæð atriði sem lýsa persónuleika hans best – Reynsla af heimilisofbeldi

Tekin voru saman svör 177 kvenna (88%) af 202 sem höfðu reynslu af heimilisofbeldi og svöruðu spurningunni „Getur þú nefnt þrjú neikvæð atriði sem lýsa persónuleika hans best?“. Svör þeirra voru flokkuð saman til að athuga hvaða atriði voru oftast og sjaldnast nefnd. Í töflu 7 er samantekt á svörum kvennanna. Hér verða einungis nefndir fyrstu 12 flokkarnir með prósentuhlutfalli.

Hlutfallið í hverri línu segir til um hversu stór hluti kvennanna í hópnum nefndi eitthvað af orðunum í línunni. Hér verða einungis nefndir fyrstu 12 flokkarnir með prósentuhlutfalli. Orð eins og „neikvæður“, „svartsýnn“ voru flokkuð saman, orð eins og „afbrýðisamur“, „öfundsjúkur“ voru flokkuð saman.

Ofbeldisreynsla – Neikvæð atriði	
1. Stjórnsamur	14%
2. Sjálfmiðaður/eigingjarn/eiginhagsmunaseggur/sjálfhverfur/erfitt með að setja sig í spor annara/sjálfselskur/tillitslaus	11%
3. Skapstór/skapvondur/reiði	10%
4. Öfundsjúkur/afbrýðisamur	8%
5. Lyginn/undirförull/svikull/falskur/ótrúr/óheiðarlegur/ósvífinn	7%
6. Öruggur/lítið sjálfstraust/hræddur/minnimáttarkennd/lokaður/óákveðinn	7%
7. Fylgdist með öllu/taugaveiklaður/ranghugmyndir/paranojaður/tortrygginn/ímyndunarveikur /práhyggja/eltihrellir	4%
8. Grimmur/miskunnarlaus/illur/hættulegur	3%
9. Neikvæður/svartsýnn	3%
10. Frekur	3%
11. Dómharður/gagnrýninn/hrokafullur/fordómafullur	3%
12. Óareiðanlegur/óstundvís/óábyrgur/kærulaus/óskipulagður/óútreiknanlegur/ábyrgðarlaus	3%

Tafla 7. Neikvæð atriði sem lýsa honum best – Konur með ofbeldisreynslu

Önnur atriði sem konurnar nefndu voru; (13) Egóisti/sjálfumglaður/narcissisti/mikilmennskubrjálaði, (14) pirraður/fúll/pungur, (15) kúgandi/þvingandi/þarf mikla athygli/þrúgandi/strangur/ógnandi, (16) þrjóskur/þver/einstrengingslegur/ósamvinnuþýður, (17) yfirlæti/lítur niður á aðra/hrokafullur, (18) tilfinningakaldur/tilfinningalaus/afskiptalaus/tilfinningadoði, (19) latur og (20) ópolinmóður/stuttur þráður/fljótur upp.

Neikvæð atriði sem lýsa persónuleika hans best – Ekki reynsla af heimilisofbeldi

Tekin voru saman svör 93 kvenna (75%) af 124 sem ekki höfðu reynslu af heimilisofbeldi og svöruðu spurningunni „Getur þú nefnt þrjú neikvæð atriði sem lýsa persónuleika hans best?“. Svör þeirra voru flokkuð saman til að athuga hvaða atriði voru oftast og sjaldnast nefnd. Í töflu 8 er samantekt á svörum kvennanna. Hér verða einungis nefndir fyrstu 12 flokkarnir með prósentuhlutfalli.

Ekki ofbeldisreynsla – Neikvæð atriði	
1. Óöruggur/lítið sjálfstraust/hræddur/minnimáttarkennd/lokaður/óákveðinn	11%
2. Þrjóskur/þver	10%
3. Óáreiðanlegur/óstundvís/óábyrgur/kærulaus/óskipulagður	8%
4. Neikvæður/svartsýnn	7%
5. Ópolinmóður/fljótur upp	6%
6. Latur	6%
7. Sjálfmiðaður/eigingjarn/eiginhagsmunaseggur/sjálfhverfur/erfitt með að setja sig í spor annarra/sjálfselskur/tillitslaus	5%
8. Seinn/athyglisbrestur/utan við sig/hægur	5%
9. Hvatvís/fljótur á sér/bráðlátur	4%
10. Þröngsýnn/ferkantaður/fastheldinn/vanafastur/ósveigjanlegur	4%
11. Gleyminn	4%
12. Dómharður/gagnrýninn	3%

Tafla 8. Neikvæð atriði sem lýsa honum best – Konur ekki með ofbeldisreynslu

Önnur atriði sem konurnar nefndu voru; (13) Skapstór/skapvondur, (14) kvíðinn, (15) sóði/hirðulaus, (16) nöldrari/nöldurseggur/tuðari, (17) lyginn, (18) stjórnsamur, (19) öfundsjúkur/afbrýðisamur og (20) feiminn.

Ef við reynum að bera saman hópana tvo með tilliti til þeirra neikvæðu atriða sem konurnar nefna þá eru atriðin í hópi kvenna með ofbeldisreynslu tengd *stjórnssemi – tillitsleysi og skapvonsku*. Konur í hinum hópnum nefna neikvæð atriði eins og *lítið sjálfstraust – þrjósku og óstundvísi*.

Stjórnsemin sem er efst á blaði í rannsóknarhóp er í 18. sæti í samanburðarhóp og *skapstór/skapvondur*, sem er þriðja algengasta lýsingin í rannsóknarhóp, er í 13. sæti í samanburðarhóp. Að vera *þrjóskur og þver* er næst algengasta lýsingin í samanburðarhóp en lendir í 16. sæti í rannsóknarhóp.

Af hverju féllstu fyrir honum?

Hér var ákveðið að taka saman það sem konurnar sögðu og gefa lesendum þannig dæmi í stað þess að beita einhvers konar aðferðafræði til að greina og flokka gögnin nánar. Einhver dæmin hafa verið umorðuð til að afmá persónugreinanlegar upplýsingar.

Fyrst verður farið yfir svör kvenna sem höfðu reynslu af ofbeldi í nánú sambandi. Alls svöruðu 175 (87%) þeirri spurningu. Hér er hluti af svörum þátttakenda:

Af hverju féllstu fyrir honum - Ofbeldisreynsla

1)	Öryggið
2)	Svipuð áhugamál, hann var 10 árum eldri en ég, náðum vel saman
3)	Hann sagði það sem ég vildi heyra og var heillandi.
4)	Hann náði að heilla mig með fögrum orðum og framkomu. Allt var gott þar til fyrsta höggið kom.
5)	Hann var fyndinn, aðlaðandi og góður
6)	Hann bauð mér á "sinn stall" í þjóðfélaginu. Honum fannst hann vera að taka niður fyrir sig. Mér fannst ég svo heppin að fá að vera á þessum fína stalli hans.
7)	Hann var spennandi og góður.
8)	Hann var vel lesinn og gagnrýninn á samfélagið, vissi mikið um feminisma.
9)	Hann var opinn, brosmildur og ég var sú eina sem hann sá.
10)	Fyrst í byrjun var hann skemmtilegur og kurteis. En það entist ekki.
11)	Við vorum með sameiginlegt áhugamál.
12)	Hann var svo mikil andstæða fyrrverandi kærastans, en það breyttist síðan.
13)	Vinsæll og góður, þegar við kynntumst. Mér fannst hann þurfa mig.
14)	Vorum góðir vinir. Ég treysti honum.
15)	Skemmtilegur, vinsæll, hlýr, yfirvegaður.
16)	Ég sogaðist inní hans trú á sjálfan sig.
17)	Hann elti mig þar til ég gafst upp. Ég var viðkvæm fyrir.
18)	Hann virtist sjálföruggur, hlýr, yfirvegaður og klár.
19)	Ég þekkti ekki annað. Ég var ung þegar við byrjuðum saman, ég var kúgað barn.
20)	Hann virtist mikill feministi sem ýtti undir mitt sjálfstraust. Hann virtist sjálföuggur og gáfaður.
21)	Góðleg augu, ljúfur og með fallett bros.
22)	Sætur og fyndinn. Hann var mjög hrifinn af mér.
23)	Hann kom til mín á réttum tíma.
24)	Mikill áhugi á mér, sjálfsöryggi, hlýja og skilningur.
25)	Skilningsríkur, en hvarf eftir nokkra mánuði. Skemmtilegur og hreinskilinn, hélt ég.
26)	Hann var á góðum stað og átti góða vini, hélt ég í fyrstu.
27)	Mjög gaman að vera með honum. Kom fram við mig eins og drottningu, sem var allt öðruvísi en ég var vön.
28)	Umhyggjusamur, var á góðum stað þegar ég hitti hann. Hafði unnið sig útur erfiðum aðstæðum.
29)	Húmor, sjarmi.

30)	Virkaði góður fyrst en eftir að við giftum okkur breyttist allt.
31)	Sjarmerandi og hlýr.
32)	Veitti mér öryggi, sýndi mér mikinn áhuga, lét mér líða eins og ég væri eina stelpa í heiminum.
33)	Fyndinn, myndarlegur og klár.
34)	Ekkert, ég var bara einmanna á þeim tíma sem við hittumst.
35)	Ég var bara 14 ára. Ég var montin að hann sýndi mér áhuga.
36)	Upplifði sjúka ást, svo hófst andlega ofbeldið.
37)	Sýndi mér áhuga og ást
38)	Sameiginleg áhugamál.
39)	Fyrst var gaman, svo varð hann afryðissamur og allt breyttist.
40)	Skemmtilegur, góður.
41)	Fyrsta ástin mín.
42)	Hafði áhuga á mér, heillandi, gott kynlíf.
43)	Ótrúlega skemmtilegur og góður við mig, í byrjun.
44)	Sjarmerandi, hrósaði mér mikið, virtist hrifinn af mér.
45)	Persónuleikinn hans.
46)	Var bara 15 ára. Vissi ekki betur.
47)	Myndarlegur, góðum stað, góður við mig
48)	Hann spilaði sig inná mig með lofum og lygum.
49)	Mikinn áhuga á mér, mér fannst ég sérstök.
50)	Klár.
51)	Jarðbundinn, tengdur tilfinningum sínum, yfirvegaður og ljúfur.
52)	Virtist í byrjun rosalega góður og lét mér líða vel.
53)	Heillandi, orðheppinn.
54)	Ég var 19 og hann nærri áratug eldri, það var töff og spennandi. Hann sýndi mér jákvæða athygli.
55)	Fyrst var hann ljúfur, góður, skemmtilegur, en bara framanaf, það breyttist allt þegar sambandið var orðið alvarlegt.
56)	Mér fannst ég örugg með honum. Fékk óskipta athygli og hann var mjög heillandi og duglegur. Kom vel fyrir og hjálpaði mér.
57)	Í upphafi var hann stoltur af mér og virkaði ljúfur, en svo varð allt mitt ómerkilegt og ég fékk endalaust ábendingar um að mín framtíðarsýn væri ómerkileg.
58)	Skemmtilegur og klár og sætur.
59)	Ég var bara 15. Vissi ekki hvað strákar gerðu.
60)	Hann virtist traustur og venjulegur maður.
61)	Töff og skemmtilegur.
62)	Í byrjun kom hann fram við mig eins og ég væri sérstök. Hann var skemmtilegur og fyndinn.
63)	Sjarmerandi, mjög klár og virtist dýrka mig.
64)	Plataði mig uppúr skónum. Gekk lengi á eftir mér.
65)	Man það ekki.
66)	Hann hafði eitthvað skemmtilegt og spennandi, svo varð ég ólétt mjög fljótt.
67)	Sjarmerandi og indæll.
68)	Ég var á erfiðum stað í lífinu. Hann hrósaði mér mikið og spilaði sig sem einstakan.

69)	Hann lét mér líða eins og allt væri mögulegt og ég væri fallegasta kona í heimi, gott kynlíf.
70)	Æskuástin mín.
71)	Fjölskyldumaður, klár og öruggur með sig.
72)	Rólegur, húmoristi.
73)	Ég var ekki á góðum stað, hann lofaði öllu, mig langaði í fjölskyldu.
74)	Sjarmerandi, nýkkominn úr sambandi. Nýtti ofbeldi föður til að fá vorkunn. Fyrst duglegur og metnaðarfullur.
75)	Setti mig á háan stall.
76)	Skapandi, fallegur og fyndinn.
77)	Skemmtilegur og hress, gaf mér mikið af gjöfum. Sýndi mér mikla athyglil.
78)	Ég var 15 og hann 25. Hann bjó til bil milli mín og annara, til að auka þörf mína fyrir hann. Hann lofaði öllu fögru.
79)	Mikið hrós, í byrjun sambands, sagði mig fullkomna. Ég var með lítið sjálfstraust og þurfti þetta.
80)	Ég var ung, hann var töff.
81)	Sjarmerandi og fyndinn.
82)	Hann var töffari, hann var eldri, kom fram við mig eins og drottningu.
83)	Fallegur og fyndinn og jákvæður. Fannst ég hafa hitt sálufélaga minn, en svo var ekki.
84)	Hann átti mikið af vinum, lét mér líða eins og drottningu. Ég flutti mikið í æsku og var ekki vel tengd fjölskyldu og vinum. Mig langaði alltaf að komast inní hans hóp. Var með honum í 20 ár en komst aldrei inní hópinn hans.
85)	Heillandi, sætur og skemmtilegur.
86)	Hress, gott kynlíf, ástríkur.
87)	Klár og flottur.
88)	Metnaðarfullur og sjarmerandi.
89)	Rómantískur.
90)	Veit ekki hvernig þetta gerðist, en hann sýndi mér mikinn áhuga og allt í einu vorum við par. Veit ekki alveg hvernig það gerðist.
91)	Hann hagaði sér eins og ég væri sú eina og að ég væri fullkomin.
92)	Spenna í kringum hann, lætur manni líða eins og maður sé sérstakur.
93)	Fyrst um sinn var ég mesta gyðja jarðarinnar en svo varð ég skíturinn undir skónum hans.
94)	Treysti honum strax. Trítaði mig eins og prinsessu, í byrjun fannst mér sætt að hann setti mér alls kyns reglur. Allt leit vel út á yfirborðinu. Kynferðislegt aðdráttarafl.
95)	Umhyggjusamur, jákvæður og rólegur.
96)	Í byrjun var hann fallegur og ljúfur.
97)	Brosið, útlitið, skemmtilegur í fyrstu.
98)	Myndarlegur og sjarmerandi.
99)	Hvað hann var hrifinn af mér
100)	Hann framkallaði hræðslu hjá flestu fólki og sýndi sig mjög mikilvægann en á sama tíma lét hann eins og ég væri mikilvæg.
101)	Myndarlegur. Gjafmildur. Virkaði ofsalega almennilegur.
102)	Sjálfstæður og virtist góður vinur
103)	Hann sýndi mér mikinn áhuga, lét mér líða vel með mig í fyrstu og sýndi mér mikla ást.
104)	Virtist glaðlyndur og vinsæll og metnaðarfullur.

105)	Hann gekk mjög hart á eftir mér og ég hafði aldrei verið í sambandi og hélt að fyrst hann legði svona mikið á sig þá hlyti hann að elska mig. Ég ætlaði ekki að missa af því tækifæri.
106)	Hann eltist svo lengi við mig að ég ákvað að gefa honum séns, var viðkvæm fyrir og hann var fljótur að brjóta mig.
107)	Hann var sætur, mikill herramaður og skemmtilegur (öll þessi einkenni hurfu fljótt)
108)	Ég veit það ekki alveg, var á vondum stað andlega sjálf
109)	Veit það ekki, taldi mig ekki geta lifað án hans
110)	Til að byrja með var hann eins og draumaprins, kom með blóm í vinnuna til mín, gerði margt óvænt, hrósaði mér endalaust.
111)	Hann var sætur og hrifinn af mér og vildi allt gera fyrir mig
112)	Lét mér líða eins og drottningu, fyrst.
113)	Hann virkaði ljúfur og áhugasamur fyrst og rosa ástríðufullur yfir því sem hann hafði lært og virtist hafa metnað fyrir því
114)	Hann var mjög hress, skemmtilegur og góður til að byrja með. Kom fram við mig eins og prinsessu og var mjög sjarmerandi. Sýndi mér athygli og hrósaði mér mikið. Hann virtist vera frábær gaur.
115)	Kom mjög vel fyrir í byrjun, hjálpaði mér og allt leit vel út hjá honum.
116)	Vorum ung, heillaði mig upp úr skónum.
117)	Hann kom mjög vel fram við mig í byrjun, sýndi mér hlýju sem mig vantaði mikið þá
118)	Útá við var hann fyndinn, skemmtilegur og heillandi
119)	Skemmtilegur og fullur af orku.
120)	Sama áhugamál. Dekraði mig mikið og var mjög góður í fyrstu.
121)	Hann var alveg ótrúlega góður við mig fyrst, það var gott að tala við hann, hann virtist skilja mig og stóð með mér
122)	Fyndinn
123)	Hann var mjög skemmtilegur, vel lesinn, átti góða fjölskyldu, var afreksmaður í íþróttum.
124)	Fann sterka ást. Hann sýndi mér athygli, alltaf. Lét mér líða eins og ég væri eina konan í heiminum.
125)	Ég var á vondum stað í lífinu og var mjög ung. Hann gerist minn persónulegi "bjargvættur" og kom því inn hjá mér að enginn myndi elska mig eins og hann.
126)	Áttum sameiginleg áhugamál en þroskuðumst í sundur
127)	Fyndinn, myndarlegur, virkaði góður gæi og sýndi mér mikinn áhuga og hrifningu til að byrja með
128)	Hann blekkir, þykist vera góður og blíður
129)	Vildi bjarga honum. Fannst ég örugg með honum fyrstu árin.
130)	Hann var draumaprinsinn minn.
131)	Virtist vilja mér vel í upphafi.
132)	Sjarmerandi, fyndinn, myndarlegur.
133)	Ég var bara 14 ára. Hann veitti mér mikla athygli og var skemmtilegur.
134)	Hann var áhugasamur um mig, virtist það amk. En svo varð áhuginn einhvern veginn að mikilli afskiptasemi og tortryggni.
135)	Skemmtilegur og ljúfur strákur við fyrstu kynni, gaman að spjalla við hann, áttum sameiginlega vini og áhugamál
136)	Mjög heillandi maður, eldklár, stór og sterkur, stormandi finan starfsframa, ákveðinn og vissi hvað hann vildi. Út á við virkar hann sem framúrskarandi maður sem fólk dáist að.
137)	Hann hlustaði, vildi kynnast mér og var strax orðinn ástfanginn af mér

138)	Hann var 16 árum eldri en ég. Hann var kominn yfir þrítugt þegar við kynnumst, hann lét mér líða eins og ég væri sérstök.
139)	Gekk mikið á eftir mér og lét mér líða eins og ég væri sú eina rétta.
140)	Fallegur, fyndinn, skapandi og alltaf til í allt.
141)	Flottur, greindur, skemmtilegur, í áhugaverðu starfi.
142)	Var ung, hann sætur og elskaði mig mikið.
143)	Fullur af sjálföruggi og mikill skjallari. Hann var 12 árum eldri en ég og alveg að verða þrítugur þegar við kynnumst.
144)	Vinur vina minna, skemmtilegur, ágætlega sætur
145)	Ég var bara 15 ára þegar við kynnumst, hann var eldri og reyndari.
146)	Tryggur og stöðugur, vildi bara mig.
147)	Var alltaf að gefa mér eitthvað, vildi allt fyrir mig gera. Var góður við barnið mitt (bara fyrst) sýndi mikla ást.
148)	Kom vel fyrir og kom vel fram í fyrstu
149)	Hann náði fljótt að sannfæra mig að ég gæti ekki gert betur en hann. Ég var örvæntingafull að eiga aldrei maka.
150)	Sterkur, myndarlegur, skemmtilegur
151)	Vinnusamur, fyndinn, verklaginn
152)	Fyndinn, góður, jarðbundinn
153)	Útlitið, ástríðufullur, dýravinur
154)	Myndarlegur, skemmtilegur, eldaði góðan mat
155)	Vildi allt fyrir mig gera, hann dýrkar mig, vill oft hjálpa mér með hluti
156)	Taldi hann traustan, með allt á hreinu.
157)	Myndarlegur, skemmtilegur, góður hlustandi
158)	Var allt öðruvisi þegar við vorum að kynnast
159)	Hann var til staðar, hafði alltaf tíma fyrir mig og hrósaði mér endalaust og sýndi áhuga á öllu
160)	Virkaði öruggur, skemmtilegur og góðhjartaður
161)	Fyndin, umhyggjusamur, góður, í góðu formi
162)	Hann studdi mig í því sem ég vildi gera og sýndi mér raunverulegan áhuga, svo virtist hann vera með allt sitt á hreinu, virkaði duglegur og góður

Tafla 9. Af hverju féllstu fyrir honum – Ofbeldisreynsla

Af hverju féllstu fyrir honum – Ekki ofbeldisreynsla

Eins og áður sagði þá var ákveðið að taka saman það sem konurnar sögðu og gefa lesendum þannig dæmi í stað þess að beita einhvers konar aðferðafræði til að greina og flokka gögnin nánar. Einhver dæmin hafa verið umorðuð til að afmá persónugreinanlegar upplýsingar.

Nú verður farið yfir svör kvenna sem ekki hafa reynslu af ofbeldi. Alls svöruðu 95 konur þessari spurningu eða 77%. Hér er hluti af svörum þátttakenda.

Af hverju féllstu fyrir honum – Ekki ofbeldisreynsla

- 1) Hann hældi mér endalaust.
- 2) Fannst aldursmunurinn töff (ég ný orðin sjálfráða og hann áratug eldri)
- 3) Við vorum ung. Hann var ólíkur því sem hafði vanist.
- 4) Hann var hrifandi og skemmtilegur og sjálfsöruggur
- 5) Hann var skemmtilegur og jákvæður. Mér leið öruggri með hann og hann var mjög áhugasamur.
- 6) Óhefðbundinn og tilfinningaríkur.
- 7) Gláður, hress, skemmtilegur, heillandi.
- 8) Sjarmerandi, ástríðufullur og klár.
- 9) Öruggur og skapandi.
- 10) Fyndinn, skemmtilegur og heillandi.
- 11) Metnaðarfullur, skemmtilegur og myndarlegur
- 12) Hann var eldri en ég. Spannandi, sterkur, öruggur og opinn.
- 13) Hann var góður við mig. Skemmtilegur og stóð með mér.
- 14) Við erum ólík, það heillaði.
- 15) Góður maður. Falleg augu og falleg sál.
- 16) Sjarmerandi. Stöðugur. Góður í samskiptum og passaði við mig.
- 17) Með góða nærveru og skemmtilegur.
- 18) Traustur og skemmtilegur maður.
- 19) Hávaxinn, með gott hjarta og svo skemmtilegur.
- 20) Mjög skemmtilegur, klár og góður.
- 21) Gáfaður, skemmtilegur og öruggur með sig sjálfan.
- 22) Hann er ljúfur maður og er góður við mig. Stuðningsríkur, þolinmóður, skilningsríkur. Já og mjög myndarlegur.
- 23) Hann er svo þolinmóður.
- 24) Hann er góður og blíður.
- 25) Sjálfsöruggur og sjarmerandi. Skemmtilegur, góður og traustur.
- 26) Áhugasamur, innilega áhugasamur, um mig og mína persónu. Honum fannst svo mikilvægt að koma vel fram við mig.
- 27) Góður, gáfaður og skemmtilegur.
- 28) Gláðlyndur, góður, klár og hægt að spjalla um allt.
- 29) Heiðarlegur, traustur og fyndinn.
- 30) Gott samband við sína fjölskyldu, skilningsríkur í minn garð og mjög umhyggjusamur.
- 31) Skemmtilegur og sætur.
- 32) Jarðbundinn og klár og góður maður.
- 33) Þolinmóður með mig, góður og yndislegur.
- 34) Sætur, ljúfur og góður. Kemur fram af virðingu og er ekki með neina stæla.
- 35) Skemmtilegur maður, sætur, góður og klár.
- 36) Persónuleikinn hans heillaði, fyndinn og skemmtilegur.
- 37) Jákvæður, opinn, fyndinn og heillandi.
- 38) Skilningsríkur á mína stöðu og líðan, skemmtilegur og fyndinn. Sjúklega sætur.
- 39) Myndarlegur, skemmtilegur og góður.

- 40) Heillandi, hress og góður félagsskapur.
- 41) Yndislegur maður á allan handa máta. Ekki hægt að finna betri pabba.
- 42) Hvernig okkur líður saman. Við bætum hvort annað upp.
- 43) Hann er mjög sætur. Fasið, hversu rólegur hann er, húmorinn, fyndinn og skemmtilegur.
- 44) Sjarmerandi, klár, feiminn, fallegur, fyndinn og laus við rugl.
- 45) Allir hans kostir.
- 46) Hress, skemmtilegur, sætur, alltaf til í að gera eitthvað skemmtilegt.
- 47) Góður, fyndinn og skemmtilegur.
- 48) Góður vinur minn. Ljúfur og traustur og með góða nærveru.
- 49) Við vorum ung, hann var svo fallegur og góður og skemmtilegur.
- 50) Sjálfsöryggið, blíðan og hugulsemin í honum.
- 51) Glæðvæ, sætur og hress.
- 52) Ég fékk öryggistilfinningu af því að vera með honum og gat verið ég sjálf.
- 53) Góðhjartaður femínisti.
- 54) Hlýr, traustur og myndarlegur.
- 55) Spannandi maður, sætur og skemmtilegur.
- 56) Myndarlegur.
- 57) Öðruvísi en ég var vön, ekkert rugl, hraustur, fjölskyldusinnaður.
- 58) Skemmtilegur og sjálfsöruggur og klár.
- 59) Opinn og mjög gott að tala við hann. Uppátækjasamur og skemmtilegur. Góð nærvera og góð sál.
- 60) Skemmtilegur, góður vinur og ég fæ öryggistilfinningu að vera nálægt honum.
- 61) Góður maður, metnaðargjarn, stuðningur fyrir mig, get verið ég sjálf og alveg opin við hann.
- 62) Ljúfur, yndislegur, klár, fyndinn og traustur.
- 63) Fallegur, heillandi og góður.
- 64) Fallegur og fyndinn maður.
- 65) Hjálpar mér að vera besta útgáfan af sjálfri mér.
- 66) Góð persóna og heil.
- 67) Hreinskilinn, hugsandi og kurteis.
- 68) Hann er afskaplega klár, hæfileikaríkur og fyndinn, hann er hlýr og elskar að láta mig hlæja.
- 69) Hann var öruggur með sjálfan sig, ástríðufullur fyrir því sem hann hefur áhuga á, spennandi.
- 70) Vinur vina sinna, skemmtilegur og fyndinn.
- 71) Góður félagi, við eigum margt sameiginlegt, félagslyndur.
- 72) Sterk persóna.
- 73) Augun hans, framkoma, nærvera.
- 74) Fyndinn, hreinn og beinn og dásamlega góður.
- 75) Hann er ótrúlega fyndinn og skemmtilegur, tekur sjálfum sér yfirleitt mátulega alvarlega. Fyrst og fremst góður vinur sem nennir að ræða málin í gegn.
- 76) Margar áhugaverðar samræður, auk þess að hann er rólegur, skilningsríkur og áhugasamur.
- 77) Fyndinn, skapandi, blíður en þó töggur í honum.
- 78) Góður pabbi, hjartahlýr, góður, einlægur, styðjandi.
- 79) Ég fann fyrir öryggi. Hann sýndi mér að ég væri einhvers virði. Hann er góður við barnið mitt.

80) Ástríkur, hlýr, einlægur.

81) Rólyndi, húmor, góðvild.

82) Veit það ekki, sá hann og varð heilluð.

83) Húmorinn, skemmtilegur, traustur.

Tafla 10. Af hverju féllstu fyrir honum – Ekki ofbeldisreynsla

Ef rennt er yfir listana tvo er kannski helsti munurinn að konur sem hafa ofbeldisreynslu að baki nefna aldursmuninn, þær hafi verið mikið yngri en þeir, ekki vitað betur, hann var „töff“ og eldri. Annar punktur er að orðalag eins og „...til að byrja með...“ og „...fyrst var hann mjög...“ er meira áberandi í rannsóknarhópnum, sem gefur til kynna að makar kvennanna hafi ef til vill ekki sýnt sitt rétta andlit til að byrja með eða af einhverjum ástæðum hafi þeir breyst nokkuð þegar líða tók á sambandið.

Að öðru leyti er ekki að sjá neinn augljósan og afgerandi mun á svörum kvennanna úr hópnum tveimur. Þá er hægt að velta upp spurningunni: er hægt að sjá fyrirfram hvaða aðilar eru líklegir til að beita maka sína ofbeldi í nánú sambandi?

Líðan þín í byrjun og við endi sambandsins


Þátttakendur voru beðnir að lýsa sér þegar sambandið hófst og þegar því lauk. Hér voru svör þátttakenda greind eftir (1) ofbeldisreynsla – ekki með honum lengur, (2) ofbeldisreynsla – er með honum núna og (3) aldrei verið í ofbeldissambandi. Athugið að einungis 6,5% kvenna sem hafa reynslu af ofbeldi í nánu sambandi eru núna með ofbeldismanninum en 85,8% kvenna í samanburðarhópi eru núna með manningnum.

1) Hópurinn sem hafði reynslu af ofbeldi en er ekki lengur með manningnum fékk spurningarnar:

a) Hvernig myndir þú lýsa sjálfri þér þegar samband ykkar hófst? (Stundum er gott að hugsa hvernig heldur þú að aðrir hefðu lýst þér).

b) Hvernig myndir þú lýsa sjálfri þér þegar sambandinu var að fara að ljúka og var lokið? (Stundum er gott að hugsa hvernig heldur þú að aðrir hefðu lýst þér).

Alls svöruðu spurningunni 189 konur (100%) sem höfðu reynslu af heimilisofbeldi en voru ekki lengur með manningnum.



Mynd 40. Líðan í byrjun og endi sambandsins – Ofbeldisreynsla – Ekki lengur með manningnum.

Níu fyrstu spurningarnar sem eru fyrstar eru jákvætt hlaðnar (glöð, gott sjálfstraust, á góðum stað, bjartsýn, hamingjusöm, við stjórnina, stolt af þér, ástfangin, jákvæð). Spurningarnar tíu sem koma seinna eru neikvætt hlaðnar (vonlaus, brotin, einangruð, lítið sjálfstraust, lauslát, kvíðin, neikvæð, afbrýðisöm, að verða geðveik, með sjálfsvígshugsanir).

Vitaskuld verður að taka inní myndina hér að konur í þessum hóp eru ekki lengur með manninum og ef til vill eru þær því líklegri til að upplifa sterkar neikvæðar afleiðingar við endi sambandsins heldur en konur sem eru enn með manninum. Þar að auki líður fæstum vel með sig þegar gengið er í gegnum sambandsslit. Engu að síður þá virðist sem líðan þátttakenda breytist til hins verra milli byrjunar og endis sambandsins. Þær upplifa sig til dæmis brotnari, einangraðri, með minna sjálfstraust og kvíðnari við enda sambandsins en þegar þær byrjuðu í sambandi með manninum. Þær eru komnar með það á tilfinninguna að þær séu að verða geðveikar og 30% þeirra eru komnar með sjálfsvígshugsanir þegar sambandinu er að ljúka en einungis 2% voru með slíkar hugsanir við byrjun sambandsins. Þær eru ekki lengur eins glaðar, bjartsýnar, jákvæðar, með gott sjálfstraust og finnst þær ekki við stjórnina, eins og þær sögðust hafa liðið við byrjun sambandsins.


2) Næsti hópur sem verður skoðaður í þessu samhengi eru þær konur sem hafa reynslu af ofbeldi í nánu sambandi og eru í sambandi með ofbeldismanni núna. Einungis 13 konur voru í þeim hóp.

Þær fengu spurningarnar:

a) *Hvernig myndir þú lýsa sjálfri þér þegar samband ykkar hófst? (Stundum er gott að hugsa hvernig heldur þú að aðrir hefðu lýst þér).*

b) *Hvernig myndir þú lýsa sjálfri þér eins og staðan er í dag? (Stundum er gott að hugsa hvernig heldur þú að aðrir hefðu lýst þér).*

Svör þeirra eru í mynd 41.



Mynd 41. Líðan í byrjun og endi sambandsins – Ofbeldisreynsla – Eru með ofbeldismanninum núna.


Mestur munur er á þeim kvíða sem konur í þessum hópi greina frá. Kvíðinn fer úr 23% í 92%. Annars líður konum í þessum hópi almennt ekki vel með sig, þær eru minna glaðar, með minna sjálfstraust, ekki eins bjartsýnar og upplifa í miklu minni mæli að þær séu við stjórna núna, miðað við líðan í byrjun sambands. Miðað við að þær eru ennþá með manninum, þá er sérstaklega athyglisvert að einungis 7% segjast hamingjusamar og 15% ástfangnar. Rúmur helmingur svarenda segist vera brotin, einangruð og með lítið sjálfstraust. Þeim finnst þær neikvæðari en við upphaf sambands, þriðjungur telur að þær séu „að verða geðveikar“ og 15% eru með sjálfsvígshugsanir.

3) Ekki ofbeldisreynsla

Alls svöruðu 123 konur (99%) sem höfðu ekki reynslu af heimilisofbeldi spurningunni:

a) Hvernig myndir þú lýsa sjálfri þér þegar samband ykkar hófst? (Stundum er gott að hugsa hvernig heldur þú að aðrir hefðu lýst þér).

b) Hvernig myndir þú lýsa sjálfri þér eins og staðan er í dag/þegar sambandinu var að fara að ljúka og var lokið? (Stundum er gott að hugsa hvernig heldur þú að aðrir hefðu lýst þér).



Mynd 42. Líðan í byrjun og endi sambands – Ekki ofbeldisreynsla.

Eins og sést á myndinni er ekki eins mikil breyting á líðan kvenna sem ekki hafa reynslu af ofbeldissambandi við byrjun og endi sambandsins/eins og staðan er í dag. Hér verður þó að taka inni myndina að flestar konurnar í samanburðarhópi (85,8%) eru ennþá í sambandi með manninum og það hefur ef til vill áhrif á svörin í þessari spurningu. Jákvætt hlaðnar spurningar mælast sterkari í dag/við endi sambands en í byrjun. Sem þýðir að konum í þessum hóp finnst þær glaðari, með betra sjálfstraust, á góðum stað, bjartsýnni, hamingjusamari, við stjórnina, stoltar af sér og jákvæðari í dag/við endi sambandsins.

Í byrjun – hvað fannst þér?

Konurnar fengu nokkrar spurningar um líðan sína í byrjun sambands.

Báðir hópar fengu spurninguna:

Í byrjun; Fannst þér þú óheppin eða heppin að hafa kynnst honum?

Svarmöguleikarnir voru á skalanum 1 (mjög óheppin) upp í 10 (mjög heppin). Þar sem svarmöguleikar voru á skala var ákveðið að leggja saman svör þeirra sem merktu við 1 – 2 – 3 og túlka sem svo að þeim fundist þær óheppnar eða mjög óheppnar að hafa kynnst honum. Að sama skapi var ákveðið að leggja saman svör þeirra sem merktu við 8 – 9 – 10 og túlka sem svo að þeim fundist þær heppnar eða mjög heppnar að hafa kynnst honum. Þess vegna er samanlagður fjöldi svar eins og birtist hér ekki jafnt og 100%.

Fyrst verður farið yfir svör kvenna sem höfðu reynslu af heimilisofbeldi, allar konurnar (202) svöruðu þessari spurningu.

Alls fannst 5% kvennanna þær óheppnar eða mjög óheppnar að hafa kynnst honum en 72% kvennanna fannst þær heppnar eða mjög heppnar að hafa kynnst honum.

Af þeim konum sem ekki höfðu reynslu af heimilisofbeldi og svöruðu spurningunni (alls 123) litu svörin svona út:

Alls fannst 0,8% kvennanna þær óheppnar eða mjög óheppnar að hafa kynnst honum en 91% kvennanna fannst þær heppnar eða mjög heppnar að hafa kynnst honum.

Báðir hópar fengu spurninguna:

Í byrjun; Fannst þér hann „yndislegur“?

Svarmöguleikarnir voru já og nei.

Fyrst verður farið yfir svör kvenna sem höfðu reynslu af heimilisofbeldi, allar konurnar (202) svöruðu þessari spurningu.

Alls sögðu 91% já og 9% nei.

Af þeim konum sem ekki höfðu reynslu af heimilisofbeldi og svöruðu spurningunni (alls 123) litu svörin svona út:

Alls sögðu 96% já en 4% nei.

Báðir hópar fengu spurninguna:

Í byrjun; fannst þér að þú værir eina manneskjan sem hann gæti stólað á?

Svarmöguleikarnir voru já og nei.

Fyrst verður farið yfir svör kvenna sem höfðu reynslu af heimilisofbeldi, alls svöruðu 200 konur þessari spurningu.

Alls sögðu 59% já og 41% nei.

Af þeim konum sem ekki höfðu reynslu af heimilisofbeldi og svöruðu spurningunni (alls 123) litu svörin svona út:

Alls sögðu 15% já en 85% nei.

Báðir hópar fengu spurninguna:

Í byrjun; fannst þér að allt „vesen“ væri þér að kenna?

Svarmöguleikarnir voru já og nei.

Fyrst verður farið yfir svör kvenna sem höfðu reynslu af heimilisofbeldi, alls svöruðu 201 konur þessari spurningu.

Alls sögðu 60% já og 40% nei.

Af þeim konum sem ekki höfðu reynslu af heimilisofbeldi og svöruðu spurningunni (alls 123) litu svörin svona út:

Alls sögðu 15% já en 85% nei.

Báðir hópar fengu spurninguna:

Í byrjun; fannst þér að þú gætir bjargað honum?

Svarmöguleikarnir voru já og nei.

Fyrst verður farið yfir svör kvenna sem höfðu reynslu af heimilisofbeldi, alls svöruðu 201 konur þessari spurningu.

Alls sögðu 67% já og 33% nei.

Af þeim konum sem ekki höfðu reynslu af heimilisofbeldi og svöruðu spurningunni (alls 119) litu svörin svona út:

Alls sögðu 16% já en 84% nei.

Hann breyttist mikið fljótlega.

Við spurðum báða hópana þessarar spurningar: *Varð mikil breyting á hegðun hans fljótlega í sambandinu?* Svarmöguleikarnir voru já, nei og vil ekki svara/á ekki við.

Fyrst verður farið yfir svör kvenna sem höfðu reynslu af heimilisofbeldi, alls svöruðu 202 konur þessari spurningu. Alls sögðu 75% já og 19% nei. Alls voru 6% svarenda sem vildu ekki svara/spurningin átti ekki við.

Af þeim konum sem ekki höfðu reynslu af heimilisofbeldi og svöruðu spurningunni (alls 122) litu svörin svona út: Alls sögðu 4% já en 84% nei. Alls voru 12% svarenda sem vildu ekki svara/spurningin átti ekki við.

Að hóta að drepa sig til að ná sínu fram.

Við spurðum þátttakendur hvort maki þeirra hafi hótað að drepa sig til að ná sínu fram. Báðir hópar fengu sömu spurninguna: *Hefur hann hótað að drepa sig til að ná sínu fram?*

Svarmöguleikarnir voru já, nei og vil ekki svara/á ekki við.

Af konunum sem höfðu reynslu af heimilisofbeldi svaraði 101 spurningunni játandi. Sem segir okkur að 50,2% maka þeirra hafa hótað að drepa sig til að ná sínu fram.

Ef við skoðum svör kvennanna sem ekki höfðu reynslu af heimilisofbeldi var bara ein kona sem svaraði spurningunni játandi. Sem segir okkur að 0,8% maka þeirra hafa hótað að drepa sig til að ná sínu fram.

Að reyna að laga hlutina.

Báðir hópar fengu spurninguna: *Myndir þú segja að þú hafir alltaf verið að reyna að „laga“ sambandið til að „finna“ aftur manneskjuna sem þú heillaðist af í upphafi?*

Af konunum sem höfðu reynslu af ofbeldissambandi sögðu 79% já en 21% nei.

Af konunum sem ekki höfðu reynslu af ofbeldissambandi sögðu 9% já en 91% nei.

„Enginn annar á eftir að elska þig“

Við spurðum báða hópana þessarar spurningar: Sagði hann við þig: „*Enginn annar karlmaður á eftir að elska þig*“?

Svarmöguleikarnir voru: *Já, nei, á ekki við.*

Samanburðurinn á svörum þátttakanda er hér:

Af svörum 202 kvenna í hópnum sem hafði reynslu af ofbeldi merktu 125 konur við „já“ í þessari spurningu. Það jafngildir 62% svarenda.

Af 120 svörum kvenna í hópnum sem ekki hafði reynslu af ofbeldi merkti 1 kona „já“ í þessari spurningu. Það er jafnt og 0,8% svarenda.

Er hann góður faðir?

Hér verða einungis skoðuð svör þeirra kvenna sem eiga barn. Spurningin var svohljóðandi:

Ef við á, myndir þú segja að hann væri góður faðir?

Svarmöguleikarnir voru: *Já, nei, á ekki við.* Einungis svör þeirra 115 kvenna sem sögðu já eða nei verða skoðuð hér.

Af þeim konum sem höfðu reynslu af heimilisofbeldi sögðu 31,3% já við spurningunni en 68,9% sögðu nei við spurningunni.

Af þeim konum 96 sem ekki höfðu ekki reynslu af heimilisofbeldi en tóku afstöðu til spurningarinnar sögðu 98,9% já að hann væri góður faðir en 1,1% sögðu nei við spurningunni.

Fólk er ekki annað hvort 0% eða 100% af tímanum frábært, gott, yndislegt, umhyggjusamt og dásamlegt.

Til að leitast við að magnbinda upplifun kvennanna af því hversu stóran hluta tímans í sambandinu var makinn frábær og góður, yndislegur, umhyggjusamur og dásamlegur var ákveðið að spyrja báða hópanna eftirfarandi spurningar: (1) Á heildina lítið: Hversu stóran hluta af tímanum var hann frábær, góður, yndislegur, umhyggjusamur og dásamlegur?

0% - 39% af tímanum	80%
40% - 69% af tímanum	18%
70% - 100% af tímanum	2%

Tafla 11. Hann var frábær, góður, yndislegur umhyggjusamur og dásamlegur – Ofbeldisreynsla

0% - 39% af tímanum	6%
40% - 69% af tímanum	19%
70% - 100% af tímanum	75%

Tafla 12. Hann var frábær, góður, yndislegur umhyggjusamur og dásamlegur – Ekki ofbeldisreynsla

(2) Á heildina lítið: Hversu stóran hluta af tímanum var hann **EKKI** frábær, góður, yndislegur, umhyggjusamur og dásamlegur?

0% - 39% af tímanum	13%
40% - 69% af tímanum	40%
70% - 100% af tímanum	47%

Tafla 13. Hann var ekki frábær, góður, yndislegur umhyggjusamur og dásamlegur – Ofbeldisreynsla

0% - 39% af tímanum	90%
40% - 69% af tímanum	9%
70% - 100% af tímanum	1%

Tafla 14. Hann var ekki frábær, góður, yndislegur umhyggjusamur og dásamlegur – Ekki ofbeldisreynsla

Ef við berum svörin í töflu 13 við svörin í töflu 11 þá snúast svörin eiginlega við. 80% kvenna sem hafa ofbeldisreynslu segja að hann hafi bara verið *frábær, góður...* í 0-39% af tímanum á meðan sú tala er bara 6% í samanburðarhóp. Sama gerist ef við skoðum hinn enda skalans, einungis 2% kvenna sem hafa reynslu af ofbeldi töldu að makinn væri *frábær, góður...* í 70-100% af tímanum á meðan sú tala er 75% í samanburðarhópnum.

Ef við skoðum tölurnar í töflu 14 og berum saman við í töflu 12 þá má sjá að 47% kvenna með ofbeldisreynslu telja að makinn hafi ekki verið *frábær, góður...* í 70-100% af tímanum, en bara 1% kvenna sem hafa ekki reynslu af ofbeldi telja að makinn hafi ekki verið *frábær, góður...* í 70-100% af tímanum.

Við enda sambandsins/eins og staðan er í dag – hvað fannst þér?

Báðir hópar fengu spurninguna:

Við enda sambandsins/eins og staðan er í dag; Fannst þér þú óheppin eða heppin að hafa kynnst honum?

Svarmöguleikarnir voru á skalanum 1 (mjög óheppin) upp í 10 (mjög heppin). Þar sem svarmöguleikar voru á skala var ákveðið að leggja saman svör þeirra sem merktu við 1 – 2 – 3 og túlka sem svo að þeim fyndist þær óheppnar eða mjög óheppnar að hafa kynnst honum. Að sama skapi var ákveðið að leggja saman svör þeirra sem merktu við 8 – 9 – 10 og túlka sem svo að þeim fyndist þær heppnar eða mjög heppnar að hafa kynnst honum. Þess vegna er samanlagður fjöldi svara eins og birtist hér ekki jafnt og 100%.

Fyrst verður farið yfir svör kvenna sem höfðu reynslu af heimilisofbeldi, nær allar konurnar (201) svöruðu þessari spurningu. Alls fannst 71% kvennanna þær óheppnar eða mjög óheppnar að hafa kynnst honum en 8% kvennanna fannst þær heppnar eða mjög heppnar að hafa kynnst honum.

Af þeim konum sem ekki höfðu reynslu af heimilisofbeldi og svöruðu spurningunni (alls 121) litu svörin svona út: Alls fannst 5% kvennanna þær óheppnar eða mjög óheppnar að hafa kynnst honum en 85% kvennanna fannst þær heppnar eða mjög heppnar að hafa kynnst honum.

Báðir hópar fengu spurninguna:

Við enda sambandsins/eins og staðan er í dag; Fannst þér hann „yndislegur“?

Svarmöguleikarnir voru já og nei.

Fyrst verður farið yfir svör kvenna sem höfðu reynslu af heimilisofbeldi, allar konurnar (202) svöruðu þessari spurningu.

Alls sögðu 5% já og 95% nei.

Af þeim konum sem ekki höfðu reynslu af heimilisofbeldi og svöruðu spurningunni (alls 121) litu svörin svona út:

Alls sögðu 87% já en 13% nei.

Báðir hópar fengu spurninguna:

Við enda sambandsins/eins og staðan er í dag; fannst þér að þú værir eina manneskjan sem hann gæti stólað á?

Svarmöguleikarnir voru já og nei.

Fyrst verður farið yfir svör kvenna sem höfðu reynslu af heimilisofbeldi, alls svöruðu 200 konur þessari spurningu.

Alls sögðu 28% já og 72% nei.

Af þeim konum sem ekki höfðu reynslu af heimilisofbeldi og svöruðu spurningunni (alls 120) litu svörin svona út:

Alls sögðu 14% já en 86% nei.

Báðir hópar fengu spurninguna:

Við enda sambandsins/eins og staðan er í dag; fannst þér að allt "vesen" væri þér að kenna?

Svarmöguleikarnir voru já og nei.

Fyrst verður farið yfir svör kvenna sem höfðu reynslu af heimilisofbeldi, alls svöruðu 201 konur þessari spurningu.

Alls sögðu 36% já og 64% nei

Af þeim konum sem ekki höfðu reynslu af heimilisofbeldi og svöruðu spurningunni (alls 120) litu svörin svona út:

Alls sögðu 10% já en 90% nei.

Báðir hópar fengu spurninguna:

Við enda sambandsins/eins og staðan er í dag; fannst þér að þú gætir bjargað honum?

Svarmöguleikarnir voru já og nei.

Fyrst verður farið yfir svör kvenna sem höfðu reynslu af heimilisofbeldi, alls svöruðu 202 konur þessari spurningu.

Alls sögðu 9% já og 91% nei.

Af þeim konum sem ekki höfðu reynslu af heimilisofbeldi og svöruðu spurningunni (alls 116) litu svörin svona út:

Alls sögðu 8% já en 92% nei.

Við spurðum alla þátttakendur hversu lengi þær voru/hafa verið í sambandinu.

Eins og áður sagði eru 202 konur í hópnum „reynsla af heimilisofbeldi“. Af þeim eru 6,5% sem eru núna í sambandi með ofbeldismanninum. Þær fengu spurninguna: *Hversu lengi vastu/hefur þú verið í ofbeldissambandi?*

Af þessum 202 konum skiptast svör þeirra svona:

Lengur en 3 ár	66%
Um 2 ár	16%
Um 1 ár	8%
Um 3 ár	6%
Nokkra mánuði	4%

189 konur sem höfðu reynslu af heimilisofbeldi en voru ekki lengur með ofbeldismanninum fengu þessa spurninguna: *Hvað er langt síðan þú hættir í sambandinu?*

Meira en 1 ár	93%
Nokkrir mánuðir	5%
Nokkrar vikur	2%

Í hópnum „ekki reynsla af heimilisofbeldi“ voru 124 konur, af þeim voru 85% í sambandi með makanum. Þær fengu spurninguna: *Hversu lengi hafið þið verið saman?*

Af þeim konum skiptast svörin svona:

Lengur en 3 ár	86%
Um 2 ár	6%
Um 3 ár	5%
Um 1 ár	3%
Nokkra mánuði	0%

Af konunum í þessum hópi og voru ekki lengur með makanum sem þær eru að svara um, hættu allar konurnar (100%) í sambandinu fyrir meira en 1 ári.

Rauðu ljósin

Allar konur (202) í hópnum reynsla af ofbeldi svöruðu spurningunni og skiptust svör þeirra svona:

Ef þú lítur yfir sambandið í heildina, voru einhver „rauð ljós / viðvörunarbjöllur“ sem kviknuðu?

Alls sögðu 97% kvenna „já“ við þeirri spurningu en 3% sögðu „nei“.

Þátttakendur voru í framhaldinu beðnir að nefna dæmi um rauðu ljósin/viðvörunarbjöllurnar.

Ákveðið var að taka saman og umorða dæmin sem konurnar gáfu í stað þess að fara í kerfisbundna flokkun svaranna. Það var einnig gert til að afmá persónugreinanlegar upplýsingar í fljótu bragði virðist vera að afbrýðisemi, stjórnsemi, einangrun, aðfinnslur og mjög óheilbrigt kynlíf karlanna séu rauðu ljósin. Hér er listi af dæmum frá þeim konum sem höfðu reynslu af ofbeldi.

- 1) Lygar strax
- 2) Mikil stjórnsemi og skapofsi.
- 3) Hann drakk mikið.
- 4) Vildi fá mig heim ef hann var einn heima, vildi alltaf vita hvar ég var.
- 5) Fyrirverandi klikkaðar og geðveikar. Allar.
- 6) Honum fannst ég voða fljótt erfið og ómöguleg. Hundsaði mig í fjölmenni. Sagði mér að ég væri ekki nógu gáfuð.
- 7) Afbrýðisamur og mjög stjórnsamur.
- 8) Hann einangraði mig strax og gagnrýndi mig mikið.
- 9) Allt gerðist hratt. Hann var með sérstakar skoðanir á konum.
- 10) Bannandi mér að gera hluti. Hringdi stanslaust. Öskraði á mig.
- 11) Hann drakk mikið. Endalausar yfirheyrslur um hvar ég var og með hverjum.
- 12) Ítrekaðar nauðganir í svefni.
- 13) Hundsaði mig til að stjórna.
- 14) Hótandi mér, einangraði mig. Mjög afbrýðisamur.
- 15) Afbrýðisemi út í vini mína og meira að segja útí fjölskylduna.
- 16) Talaði illa um sína fyrirverandi, sagði að ég væri drusla og allar mínar vinkonur.
- 17) Allt slæmt hjá honum var mér að kenna.
- 18) Var oft að „grínast“ með hvað ég væri vonlaus og gölluð. Ef ég varð aum þá var ég bara hörundssár og viðkvæm og húnorslaus.
- 19) Drakk mikið.
- 20) Hann var með nauðgunarfantasíur á heilanum.
- 21) Kenndi mér um allt.
- 22) Hann drakk mikið.
- 23) Afbrýðisemi, meira að segja út í vinnuna mína. Gerði stórmál úr smámunum eins og að gleyma veski heima, þá var dagurinn hans ónýtur.

- 24) Sjúklega afbrýðisamur. Fyrirverandi snargeðveikar. Alltaf í brjáluðu skapi. Vildi ráða hvernig ég klæddi mig. Ég mátti ekki tala við neinn nema hann.
- 25) Abbrýðisemi, gagnrýna vini mína og fjölskyldu.
- 26) Mjög óstabill tilfinningalega.
- 27) „Geðveikar“ fyrirverandi. Stjórnsamur. Hann átti mjög mörg mjög stutt sambönd að baki
- 28) Reiður, óheiðarlegur og stjórnsamur.
- 29) Vinir mínir ekki nógu góðir, allir að reyna að snúa mér gegn honum. Afbrýðisamur. Vildi endilega nota „find my location“.
- 30) Fýlustjórnun. Beit saman tönnunum og þagði til að stýra.
- 31) Skapgerðarrestir. Hann lét mig einangra mig frá fjölskyldu og vinum.
- 32) Notaði trúnaðarupplýsingar frá mér gegn mér. Lygar um stóra hluti og smáa. Lék fórnarlamb og náði að láta mig standa með sér. Ég sá ekki hvað þetta var óeðlilegt því ég var ástfangin.
- 33) Sagan um hans fyrirverandi. Ég hafði heyrt hana áður. Sagan endurtók sig í okkar sambandi.
- 34) Allir fífl og fávitar. Brjótandi hluti. Afbrýðisemi. Stjórnssemi. Ég átti ömurlegar vinkonur.
- 35) Hann átti í útistöðum við marga.
- 36) Drakk mikið. Metnaðarlaus.
- 37) Reiði og stjórnssemi. Kynferðisleg stjórnssemi. Nauðganir, hætti ekki þó að ég gréti.
- 38) Hann tók fljótt ekkert tillit til mín. Eignuðumst fljótt barn, þá versnaði allt mikið.
- 39) Stjórnssemi og brjálæðisköst.
- 40) Skapsveiflur, lygi, ótrú.
- 41) Alltaf að kenna mér um allt. Reiður.
- 42) Skapofsi. Ósamræmi í frásögnum.
- 43) Dómharka. Skapofsi.
- 44) Alltaf allt mér að kenna. Hann smám saman náði stjórn á mér. Alltaf allt á hans forsendum. Vaknaði oft með hann að „riðlast“ á mér.
- 45) Lygar. Mikil drykkja.
- 46) Allir voru vondir við hann. Fólk að nota hann.
- 47) Allir í kringum hann. Nema hann sjálfur. Brjálaðist ef hann fékk ekki kynlíf.
- 48) Hann einangraði mig. Vinir mínir og fjölskylda ekki nógu gott og vildu mér bara illt. Afbrýðisamur. Stjórnsamur.
- 49) Endalausar athugasemdir og aðfinnslur.
- 50) Hann sagði mjög fljótt að hann elskaði mig. Samskipti við börn hans af fyrra sambandi hefði átt að kveikja hjá mér. Hann átti fáa vini, breyttist mjög eftir því hverja hann umgekkst.
- 51) Aðfinnslur. Stigmagnandi aðfinnslur.
- 52) Skapofsi.
- 53) Afbrýðisemi og stjórnssemi.
- 54) Óöruggur og að gera lítið úr mér fyrir framan aðra. Stjórnsamur.
- 55) Afbrýðisamur strax. Lyginn. „Bætti fyrir“ ofbeldið snemma í sambandinu og afsakaði það.
- 56) Fyrirverandi kærastan hans hringdi og aðvaraði mig.
- 57) Niðurlægjandi mig. Stjórnssemi, með allt, stórt og smátt.
- 58) Gerði lítið úr mér, útlit og gáfur.
- 59) Stjórnssemi.
- 60) Stanslaust að setja mig á stall og hrinda mér svo niður. Aðrar reglur fyrir mig en hann.

61)	Fyrirverandi sambýliskonur „geðveikar“. Mikið af klámi. Reiður þegar hann fékk ekki sitt.
62)	Yfirheyrslur þegar vinkonur mínar voru í heimsókn. Ég hefði átt að kveikja með það.
63)	Afbrýðisemi. Aldrei neitt honum að kenna.
64)	Vaknaði við að hann var að ríða mér. Hótaði mér að ég gæti aldrei séð um mig og börnin án hans. Versta ofbeldið þegar ég var ófrísk. Þoldi ekki vini mína eða fjölskyldu.
65)	Gerði lítið úr mér fyrir framan aðra. Lyginn. Sveik loforð.
66)	Stjórnsemi.
67)	Hótaði oft að drepa mig og börnin, svona óbeint, átti að vera voða fyndið.
68)	Hegðun föður hans í garð móður.
69)	Ofbeldishegðun gagnvart öðrum.
70)	Hann setti mig strax á stall.
71)	Kynlífið fór að snúast meira og meira um mína undirgefni. Hann talaði niður til mín og gerði lítið úr mér og minni líðan. Hann hatar mömmu sína og reyndar marga.
72)	Undarleg viðbrögð og samskipti
73)	Aðallega að hann einangraði mig
74)	Sveiflukennt skap og hegðun samkvæmt því, að kenna mér um allt sem úrskaiðis fór sama hvort það væri lok á tómatsósu eða eitthvað stærra
75)	Drykkja, stjórnleysi, skapsveiflur
76)	Hvernig hann talaði um fyrirverandi og þegar ég komst að því að hann væri í neyslu.
77)	Tryllt afbrýðisemi og stjórnun. Einangraði mig.
78)	Sjálfssköðun ef við rifumst. Braut hluti.
79)	Ég mátti aldrei vera ein. Mjög afbrýðisamur. Ef ekki daglegt kynlíf þá túlkaði hann það svo að ég elskaði hann ekki.
80)	Hann mátti gera allt. Ég mátti gera sumt. Vildi stjórna hvernig ég klæddi mig. Fór yfir vinalistann minn á Facebook og ég þurfti að útskýra allt um strákana á listanum.
81)	Fýluköst, stjórnsemi og endalausar aðfinnslur. Að auki var þetta of gott til að vera satt í upphafi
82)	Skapsveiflur og „geðveik kona“ hafði kært hann fyrir líkamsárás.
83)	Fíknin, afbrýðisemin, einangrunin...
84)	Afbrýðisemi og ofbeldi
85)	Skapköst og einangrun á mig
86)	Mikil afbrýðisemi, mikið verið að kanna hvar ég væri, ásakanir
87)	Hann var mjög stjórnsamur, ég mátti ekki hitta vinkonur mínar, ef ég gerði það, þá hringdi hann stanslaust til að athuga hvort ég væri nokkuð að „láta ríða mér“ eins og hann orðaði það.
88)	Strax í upphafi þegar hann var að hringja í mig á nóttunni til að hlýða mér yfir hvað ég hefði gert þann daginn. Síðar þegar ég mátti ekki fara út nema hann væri með.
89)	„Klikkuð“ fyrirverandi, drykkja, lygar.
90)	Miklar geðsveiflur, laug um litla hluti.
91)	Sífelldur ágreiningur, ógnandi framkoma
92)	Fljótur að skipta skapi
93)	Óheilindi, fórnarlambið hann og illa talað um alla
94)	Hann skipaði mér í fóstureyðingu því það „hentaði honum ekki að eignast barn“. Hann var

- með kynlíf á heilanum, gagnrýninn á útlit mitt, vildi aldrei hitta vini mína eða fjölskyldu, allt gert á hans forsendum.
- 95) Óviðeigandi athugasemdir sem hann kallaði „stríðni“ fannst oft eftir á eins og hann hefði verið að testa mig. Hann var fýlugjarn
- 96) Hlutir í tengslum við fyrra samband hans, óöryggi varðandi sambönd.
- 97) Hann var eldri, hann vildi ekki að ég eignaðist vini, hann var ekki eins í einrúmi og kringum aðra, eg heyrði sögur fra honum um fyrrverandi konur o.fl
- 98) Gera mig hrædda um mína stöðu, alltaf að rjúka í burtu ef ég var ósammála, skilja mig eftir peningalaus og bíllaus víðsvegar. Svakalega reiður við sína barnsmóður en ég fattaði það ekki strax, skríttinn á kynlífssviðinu.
- 99) Drykkja, reglulegar uppsagnir.
- 100) Sjúkleg afbrýðisemi - skemmd hluti.
- 101) Afbrýðisemi. Samkeppni við mín börn úr fyrra sambandi. Drakk illa.
- 102) Afbrýði og stjórnsemi.
- 103) Endalaus gagnrýni og skítkast fyrir framan aðra.
- 104) Geyma myndir af sínum fyrrverandi (nektar+klám). Hvernig hann talaði um konur, almennt og sem hann hefur sofið hjá.
- 105) Skap, drykkja, hvað hafði gerst áður í samböndum og vinnu, þagnarstjórnun og margt fleira.
- 106) Hlutir sem hann sagði eins og hann hefði ákveðið að vera með mér þrátt fyrir mína. Mikil áhersla að breyta útliti. Rauðu ljósin voru út um allt en ég þekkti þau ekki, algerlega reynslulaus
- 107) Heiftin sem gat komið, einangrunin, allt mér að kenna, ég átti að gera allt, hann átti enga vini og lítið samband við fjölskyldu.
- 108) Skapofsi, fikniefnaneysla, lygar.
- 109) Skapofsinn og stjórnsemin.
- 110) Þegar hann hringdi í mig þegar eg fór út með vinkonu minni og benti mér á að klukkan væri orðin margt.
- 111) Stjórnsemi.
- 112) Hlutir voru eyðilagðir í skapofsaköstum sem voru mér að kenna, auðvitað.
- 113) Sífeldar spurningar um hvert ég væri að fara/gera. Sífellt suð og ýtni um kynlíf, mikil þörf fyrir að ræða og stunda kynlíf. Mikil afbrýðisemi.
- 114) Vanvirðing, vantraust, óöryggi

Tafla 15. Rauðu ljósin - Ofbeldisreynsla

Rauðu ljósin – Ekki ofbeldisreynsla

Í hópnum sem hafði ekki reynslu af ofbeldi svöruðu 119 konur spurningunni: *Ef þú lítur yfir sambandið í heildina, voru einhver „rauð ljós / viðvörunarbjöllur“ sem kviknuðu?*

Alls sögðu 23% kvenna „já“ við þeirri spurningu en 77% sögðu „nei“.

Einungis 24 konur í samanburðarhópi gáfu dæmi um rauðu ljósin. Ákveðið var að taka saman nokkur dæmi sem konurnar gáfu í stað þess að fara í kerfisbundna flokkun svaranna. Hér er listi frá þeim konum sem ekki höfðu reynslu af ofbeldi.

- 1) Lyginn og svikull.
- 2) Hann gerði sitt, hann var aðalatriðið, hann réði öllu.
- 3) Ýtinn og suðandi, varð sár ef ég vildi ekki stunda kynlíf. Hann náði alltaf að láta mig biðjast afsökunar eftir rifrildi.
- 4) Afbrýðisemi.
- 5) Ég var sko eina stelpan sem hann elskaði en hann vildi opið samband. Framhjáhöld voru hluti af því.
- 6) Lyginn.
- 7) Vildi hafa mig fyrir sig einan.
- 8) Hann er alkóhólisti.
- 9) Reiði.
- 10) Hann hefur meitt mig einu sinni og lét eins og það væri mér að kenna
- 11) Hann kallar mig stundum ljótum nöfnum þegar við rífumst.
- 12) Svikull.
- 13) Hótandi að drepa sig. Ásakanir um framhjáhald.
- 14) Mjög gagnrýninn á hegðun annarra.
- 15) Berjandi í hluti, bölvandi og kallar mig ljótum nöfnum. Skapstór.
- 16) Hótaði að hætta með mér því ég var orðin of feit.
- 17) Ógnar karlmönnum sem sýna mér áhuga.
- 18) Of mikil bjórdrykkja, stundum of mikil eiginhagsmunahyggja fram yfir fjölskylduna.

Tafla 16. Rauðu ljósin – Ekki ofbeldisreynsla

Hér er áhugavert að konur virðist túlka það að makinn kalli sig ljótum nöfnum, drekki úr hófi og berjji í hluti sé ekki ofbeldi.

Ráðleggingar – hvað hefði hjálpað

Einungis konur sem höfðu reynslu af heimilisofbeldi fengu eftirfarandi þrjár spurningar:

1) Er eitthvað sem þú hefðir viljað vita eða gert eitthvað til að komast fyrir útúr ofbeldissambandinu? Ef já, viltu segja frá því hér?

Hér var ákveðið að umorða hluta svaranna til að svör séu ekki persónugreinanleg. Rauði þráðurinn hér virðist vera að konurnar hefðu viljað vita meira um hvað er ofbeldi, hvað er eðlilegt, hvernig lýsir ofbeldið sér, að þær gátu ekki bjargað honum, hefðu viljað átta sig á að þetta sem þær bjuggu við var í raun ofbeldi. Þær voru hræddar um börnin og fjárhaginn, en margar nefna að þær vildu að þær hefðu farið fyrir.

Hér eru dæmi af svörum kvennanna:

- 1) Mig vantaði meiri upplýsingar. Aðallega um hugarfar og hegðun ofbeldismanna. Ég er með háskólapróf í sálfræði en datt ekki í hug að hann væri ofbeldismaður.
- 2) Ég var hrædd. Reyndi oft að fara. Hann sagði að ég myndi aldrei sjara mig ein með börnin. Ég trúði því og vonaði að allt lagaðist.
- 3) Að þetta væri ekki mér að kenna
- 4) Fatta að hann myndi ekki breytast. Hefði átt að þora að fara fyrir. Var hrædd og fannst ég ein.
- 5) Hefði viljað fá aðvörun. Hefði viljað vita meira, lesa meira um heimilisofbeldi og ofbeldismenn.
- 6) Hefði viljað skilja að ég get ekki bjargað neinum. Hefði viljað þekkja rauðu ljósinn.
- 7) Ofbeldið var lúmskt, ég var ung, veit ekki alveg hvað hefði hjálpað.
- 8) Hefði viljað þekkja einkennin og merkin við ofbeldi.
- 9) Hefði viljað þora og getað sagt frá.
- 10) Hefði átt að hlusta á fólkið mitt.
- 11) Hefði óskað þess að ég hefði farið frá honum þegar ég reyndi það fyrst. Vissi ekki strax að þetta væri ofbeldi, áttaði mig bara ekki á því.
- 12) Hefði viljað taka eftir mynstrinu í tengslum hans við konur.
- 13) Ég hélt að svona ætti þetta að vera. Fyrsta sambandið mitt.
- 14) Ég vildi að ég hefði ekki fókuserað svona mikið á að laga hann, heldur meira á mig. Það eru litlu atriðin sem gera allt svo flókið, þetta er ekki klippt og skorið - búmm kýld - þetta er svo lúmskt. Þetta tók mig sorglega langan tíma. Vildi að ég hefði vitað meira um ofbeldi og getað samsamað mig við það.
- 15) Meiri opin fræðsla og umræða - eins og er í dag.
- 16) Ég hélt að allir karlmenn væru ofbeldisfullir og sjúkir í kynlíf. Ég var ekki með nógu góðar fyrirmyndir.
- 17) Ég hélt ég hefði ekki haft fjárhagslegt bolmagn til að fara.
- 18) Ég vildi að ég hefði vitað fyrir, að þetta var ofbeldi.
- 19) Að það eru til verri hlutir en að vera einn.
- 20) Litlu atvikin telja. Þau eru nóg til að fara.
- 21) Hefði viljað þekkja hvernig ofbeldið byrjar venjulega. Ég hefði líka viljað vita að ég get ekki

þjargað honum.

22) Ég þjarga bara sjálfri mér, ekki öðrum. Ofbeldi er heldur ekki hægt að réttlæta, alveg sama hvað hann er á slæmum stað. Ekki fela stöðuna fyrir aðstandendum. Ekki vera meðvirk með honum.

23) Hefði viljað átta mig fyrir á hvað væri í gangi

24) Það er ekki hægt að þjarga öðrum.

25) Hefði viljað þekkja merkin um andlegt ofbeldi. Til dæmis að ítrekaðar ásakanir geta verið andlegt ofbeldi. Líkamlegt ofbeldi er ekki bara að kýla. Það þarf heldur ekki að vera að þínum líkama, bara kýla í hluti. Þvingað samþykki er sama og kynferðislegt ofbeldi.

26) Ég hefði viljað átta mig á því að þetta væri ofbeldi. Það var aldrei líkamlegt, þess vegna kannski fattaði ég þetta svona seint.

27) Hefði viljað vita að þetta var ekki mér að kenna. Hefði viljað þekkja einkenni ofbeldis í sambandi.

28) Að lífið án hans væri betra.

29) Ég sá alltaf eftir því að hafa ekki farið þegar fyrstu ljótu orðin komu.

30) Ég hefði átt að tala við einhvern um ástandið og upplifun mína. Ég vildi að ég hefði spurt hvað er eðlilegt í sambandi tveggja aðila.

31) Hlusta á fólkið mitt.

32) Fá að heyra að allt verður auðveldara.

33) Hefði viljað vita að hann væri ofbeldismaður.

34) Var hrædd um börnin, en ég vildi að ég hefði farið fyrir. Það var alls ekki eins erfitt og ég hélt.

35) Hefði viljað vita meira frá öðrum hvernig makinn var í raun.

36) Ég hefði viljað kæra hann, segja frá

37) Hefði viljað átta mig fyrir. Ekki hlusta á hann þegar hann kom með afsakanimar fyrir ofbeldinu.

38) Ekki ætla að laga hann, eða sambandið. Hlusta á innsæið.

39) Hefði átt að hlusta á vini mína.

40) Að ég væri ekki ein, þó sé ekki auðvelt þá er hægt að komast útúr aðstæðum.

41) Hefði viljað sjá í gegnum þetta fyrir, hlusta á mig.

42) Ég hefði getað kannað hvernig hans málum var háttað við hans fyrirverandi.

43) Hefði viljað vera með meira sjálfstraust og að ég hefði fengið stuðning.

44) Að ég hefði unnið í meðvirkni minni fyrir og að ég hefði vitað af áhyggjum fjölskyldunnar fyrir.

45) Að vita að ég þurfti ekki að vera hrædd við hann.

46) Vildi að ég hefði þorað að segja frá og biðja um aðstoð. Sé eftir að hafa tekið við honum aftur.

47) Vildi að ég hefði farið fyrir.

48) Ég þurfti að finna botninn og fá nóg.

49) Þekkja betur einkenni ofbeldismanna.

50) Hefði viljað vita að þetta væri ekki normið.

51) Hefði viljað vera með meira sjálfstraust til að fara miklu fyrir.

52) Féló hefði getað gripið miklu fyrir inni. Allir í litla sveitarfélaginu viss af hverju ég var oft með glóðarauga, en enginn sagði neitt.

53) Hefði viljað þekkja einkenni og hegðun ofbeldismanna.

54) Hefði viljað hafa minni fordóma um konur sem lenda í svona stöðu. Menntaðar og sjálfstæðar konur lenda í svona mönnum, ég veit það núna.

55) Hlusta á vini og fjölskyldu.

56) Hlusta á viðvörunarbjöllur.

- 57) Kynna mér og fræðast meira um eðli heimilisofbeldis, fá meiri faglega hjálp.
- 58) Nei, ég varð að taka þessa ákvörðun sjálf.
- 59) Meiri félagslegan stuðning.
- 60) Hlusta á rauðu ljósin. Ekki reyna að bjarga honum. Ég átti betra skilið. Ég vildi að ég hefði þekkt einkenni andlegs ofbeldis.
- 61) Já, ég hefði átt að fara strax og óvirðingin byrjaði.
- 62) Þora að fara.
- 63) Ég bar ekki ábyrgð á honum og hans hegðun.
- 64) Að fatta að hann var að beita mig ofbeldi.
- 65) Að ég myndi aldrei breyta honum, að ég væri þess verð að vera hamingjusöm, að ég og börnin myndum spjara okkur án hans.
- 66) Ég hefði viljað þekkja rauðu ljósin, ég hefði viljað vita hvernig andlegt ofbeldi lýsir sér.
- 67) Hefði viljað hafa betra sjálfstraust.
- 68) Hefði viljað vita að ofbeldið myndi stigmagnast en ekki minnka, að ég þyrfti ekki að skammast mín og að ég þurfi ekki að vera hrædd, því að ég var svo miklu sterkari en ég trúði.
- 69) Ég vildi ekki trúa því að þetta væri að gerast og reyndi eins og ég gat að breyta mér til að þóknast honum, en það er ekki hægt, því hann breyttist dag frá degi.
- 70) Að viðurkenna fyrir sjálfri mér að þeir breytast aldrei. Að hætta að vona að allt verði eins og í byrjun.
- 71) Hvernig andlegt ofbeldi lýsti sér.
- 72) Meira sjálfstraust.
- 73) Að vita að það er svo margt betra þarna úti. Ég gat síðan alveg spjarað mig fjárhagslega og tilfinningalega.
- 74) Að löggan hefði hjálpað, að það væri ólöglegt að elti hrella.
- 75) Að ég get vel staðið á eigin fótum.
- 76) Að maður sé ekki einn.
- 77) Að ég væri ekki ómöguleg, heldur væri hegðun hans röng.
- 78) Vissi ekki að ofbeldi gæti verið andlegt.
- 79) Viljað vita meira um andlegt ofbeldi og alla skömmina við að búa í því.
- 80) Ég vissi þetta innst inni. Vildi breyta honum, mér fannst ég ekki eiga betra skilið, kannski var þetta ekki svo slæmt.
- 81) Hefði viljað horfa á rauðu flöggin fyrr.
- 82) Ég vildi að vinir og fjölskylda hefðu verið hreinskilin um hvað þeim fannst um hann og hvernig hann lét við mig.
- 83) Hlustað á fólkið í kringum mig, vita mörkin mín, vita hvað væri mér boðlegt.
- 84) Hefði átt að tala um þetta við vinkonur mínar, hélt að þær myndu dæma hann.
- 85) Ættingjar og vinir hefðu getað sagt sína skoðun.
- 86) Ég var ung og vissi ekki hvernig samband ætti að vera. Hefði viljað vita að það var ekkert rétt eða eðlilegt að ég þurfti að gera eins og hann vildi.
- 87) Hefði átt að standa með sjálfri mér. Alin upp af alkóhólistum og þess vegna ekki með eins gott sjálfstraust eða álit.
- 88) Vitað af stuðningsúrræðunum og að ég væri ekki háð honum.
- 89) Ættingi sagði mér loksins að enginn ætti að búa við svona.

- 90) Að ég ætti betra skilið.
- 91) Hætt að halda að það væri betra fyrir foreldra að ala upp börnin sin saman.
- 92) Einkenni andlegs ofbeldis og hvað væri eðlilegt í samskiptum kynjanna.
- 93) Að það er í lagi að fara frá einhverjum ef hann niðurlægir mann. Fannst ekki nóg að vera „bara“ beitt andlegu og fjárhagslegu ofbeldi. Fannst ekki nóg að hann hrækti á mig og eyðilagði dótið mitt. Hélt að ef ég myndi bara vera dugleg að breyta mér þá myndi allt lagast. Ég fór að trúa því að ég væri ljót og heimsk og löt og feit því ég heyrði þetta aftur og aftur og aftur.
- 94) Hætta að trúa því að þetta sé síðasta skiptið.
- 95) Já að þó einhver sé hrifinn af mér, þá megí ég segja nei.
- 96) Hann mun ekki breytast.
- 97) Að ofbeldi er ekki bara glóðaraugu.
- 98) Skýrari leiðbeiningar um skilnaðarferlið.
- 99) Ég hefði viljað að fyrrverandi hans hefðu varað mig við
- 100) Ég hefði viljað vita að „klárar og gáfaðar og sterkar“ konur lenda líka í ofbeldi og ég hefði viljað vita að einhver myndi trúa mér. Ég hefði viljað vita af öruggri flóttaleið.

Tafla 17. Ráðleggingar – Er eitthvað sem þú hefðir viljað vita eða gert eitthvað til að komast fyrr útúr ofbeldissambandinu?

2) Hvað myndir þú ráðleggja konum sem eru í ofbeldissambandi til að komast út úr því? (Til dæmis: Hvers vegna er maður áfram í sambandinu? Hvaða hugarfar þarf að hafa til að geta slitið ofbeldissambandi? Hvernig kemst maður á þann stað að geta slitið sambandinu? Hvernig er best að ná að standa við það að slíta sambandinu? Hvað heldur þú að myndi hjálpa þér mest í þessum málum?) Hér má skila auðu eða skrifa ritgerð, eða allt þar á milli.

Hér var ákveðið að umorða svör kvennanna til að afmá persónugreinanlegar upplýsingar. Rauði þráðurinn hér virðist vera að konurnar ráðleggja það að tala við fagaðila, hlusta á aðra, fá stuðning, segja frá, segja frá stöðunni/líðan sinni, fræðast um hvað er ofbeldi og ofbeldismenn og muna að „þú ert ekki ein“.

Hér eru dæmi af svörum kvennanna:

- 1) Segja frá.
- 2) Plana. Plana allt mjög vel.
- 3) Fá fræðslu.
- 4) Leita að stoðar hjá fagaðilum. Kæra ofbeldið. Ég æfði mig með að sjá mig fyrir mér eina að versla í matinn og búa ein. Fékk neyðarhnapp hjá lögreglunni.
- 5) Fara sem allra fyrst.
- 6) Maður þarf að fatta að þetta er ekki að fara að breytast. Alveg sama að maður trúir því að hann sé yndislegur og allt vesen sé manni sjálfum að kenna.
- 7) Leita í Kvennaathvarfið, finna samstöðu
- 8) Fela smá pening, undirbúa.
- 9) Ekki hlusta á kjaftæðið um „ég get ekki verið án þín“ og „þetta gerist ekki aftur“.
- 10) Tryggja líkamlegt öryggi. Rjúfðu einangrunina, segðu frá, lestu þér til, leitaðu til annar. Þú ert ekki geðveik.
- 11) Leita til fagaðila og vina og fjölskyldu. Það er búið að heilapvo þig að enginn trúir þér eða vilji umgangast þig. Það er ekki rétt, það þarf bara að þora að segja frá.
- 12) Þú ert ekki ein í heiminum. Ef þú átt ekki fjölskyldu þá eru hópar á netinu til dæmis, stuðningur kemur upp á ótrúlegustu stöðum þegar þú biður um hann.
- 13) Þora að biðja um hjálp.
- 14) Hluta á fólkið þitt. Hafa kjark til að horfast í augu við sjálfa þig. Ekki verða samdauna óheilbrigðu sambandi þar sem völd eru ójöfn.
- 15) Fara til fagaðila. Fagna litlu sigrunum, þetta tekur tíma.
- 16) Tala um tilfinningar. Sækja stuðning.
- 17) Fá hjálp.
- 18) Það er betra að vera ein en með einhverjum sem er leiðinlegur við þig. Samband á ekki að vera vinna.
- 19) Að það er betra að vera einn en að vera í ofbeldissambandi.
- 20) Tala við t.d. Kvennaathvarfið og Bjarkarhlíð. Þetta byrjar ekki með því að hann beinbrýtur þig. Skrefin hjá þeim eru lítil og lúmsk. Maður færir mörkin óvart sjálfur.
- 21) Þú getur ekki bjargað neinum. Þú ert ekki ein. Talaðu við vini og fjölskyldu.

- 22) Hætta að réttlæta ofbeldið. Lesa Lundy Bancroft.
- 23) Það kemur aldrei rétti tíminn. Hlutirnir skána aldrei. Þeir bara versna ef eitthvað er. Ekki vera meðvirk. Undirbúa með að tala við aðra og fá strax hjálp og stuðning.
- 24) Ekki hlusta á hótanir hans um sjálfsvíg, meira ofbeldi. Ekki vera í samskiptum við hann eða hans fjölskyldu. Taktu stjórnina á þínu lífi úr hans höndum.
- 25) Það er honum að kenna en ekki þér ef hann beitir ofbeldi. Það er ekki hægt að hjálpa þeim sem vill ekki hjálp, það er ómögulegt fyrir þig að breyta honum. Þú þarft að stíga frá og vinna í þinni hamingju. Þú ert ekki búin að brenna allar brýr að baki, þú ert ekki ein.
- 26) Oft eru ofbeldismenn háðari mökum sínum en öfugt. Maður heldur bara hitt. Farðu í viðtal í Kvennaathvarfinu. Komdu þér frá honum, reyndu að vera án hans í einhvern tíma og þá nærðu að hugsa skýrar.
- 27) Hafa mjög skýrt hvernig ykkar samskiptum varðandi börnin er háttað. Annars að hætta öllum samskiptum við hann.
- 28) Fyrsta lagi að leita aðstoðar hjá ráðgjafa um leið og þér fer að líða illa í sambandi, kynna sér líka vel hvernig eðlileg samskipti í sambandi.
- 29) Tala við einhvern sem maður treystir. Tala við sérfræðingana í Kvennaathvarfinu eða í Bjarkarhlíð. Fá ráðleggingar hvort þetta sé ofbeldissamband. Fá aðstoð við að fara.
- 30) Það er alltaf leið út. Taka fyrsta skrefið.
- 31) Oft er maður heilapveginn, ekki treysta hugsunum þínum alveg. Skrifaðu niður staðreyndirnar.
- 32) Fá ráðgjöf. Fara.
- 33) Það eru litlar líkur á að aðstæður breytist.
- 34) Segja frá.
- 35) Ég fór að segja frá, það var erfitt og vont. Kvíðinn minnkaði við það að segja frá.
- 36) Farðu í Kvennaathvarfið. Segðu frá. Leitaðu í netið þitt.
- 37) Leita aðstoðar hjá þeim sem þekjja ofbeldið. Lesa um ofbeldið, finna stuðningshópa t.d. á Facebook.
- 38) Leita faglegrar aðstoðar, sérstaklega ef maður á börn. Undirbúa að fara með góðum fyrirvara, tilkynna öll brot til lögreglu. Fræðast um ofbeldismenn. Virkja stuðningsnetið.
- 39) Ég mundi ráðleggja þeim að segja frá ofbeldinu, hafna gerendameðvirkni og þolendaskömm
- 40) Fræða sig um ofbeldi. Menn þurfa ekki stanslaust að beita ofbeldi og ekki beita alla ofbeldi, til að teljast ofbeldismenn.
- 41) Maður breytir ekki öðrum.
- 42) Standa með sjálfum sér, þetta lagast aldrei. Aldrei líta til baka.
- 43) Undirbúðu þig vel. Jafnvel fara útúr bænum. Ekki hafa nein samskipti. Þú ert ekki ein, ekki skammast þín, fyrirgefðu sjálfri þér, þetta er ekki þér að kenna, þetta verður erfitt, þetta getur komið fyrir alla, þú átt stuðning, fáðu alla aðstoð, þú átt allt gott skilið (þó þér liði ekki þannig) þú getur þetta, þú getur farið og þú mátt það, þú skiptir máli.
- 44) Það má skipta um skoðun, ef þér finnst ekki lengur að þetta sé draumamaðurinn þinn. En mér fannst erfitt að viðurkenna það. Það dæmir þig enginn, þú þarft að leyfa fólki að styðja við þig. Ef þú getur, þ.e. ekki barn í spilinu, þá ekki vera í neinu sambandi við hann. Engu.
- 45) Það er ekkert að þér, andlegt ofbeldi er svo dulið að maður fer sjálfur að halda að maður sé geðveikur. Leitaðu til vina, skrifaðu dagbók, finndu sannanir fyrir ofbeldinu. Byggðu þig upp og farðu. Það er leið út.

- 46) Fá stuðning hjá sínu fólki. Finna sér hjálp.
- 47) Hlusta á innsæið. Tala við vinkonu um það sem þér finnst ekki vera að virka, ekki halda að þú sért ímyndunarveik eða geðveik. Ekki efast um þig. Þú átt betra skilið en að búa við ofbeldi.
- 48) Ekki trúna hverri afsökuninni á fætur annarri. Tala við fólk sem þú treystir, ef þú átt þér engan nákominn þá skoða hvernig aðstoð er í boði. Það er erfitt að segja, þegar að maður er í svona sambandi þá hugsar maður ekki alltaf rökrétt.
- 49) Leita sér hjálpar.
- 50) Upplýsa sig, fara í Kvennaathvarfið.
- 51) Segja fólki frá því og biðja um hjálp.
- 52) Hafa sína drauma og framtíðarsýn. Ímyndaðu þér lífið án hans. Það er frábært.
- 53) Segja frá, fá hjálp. Flestir vilja hjálpa þér.
- 54) Ef maður er niðurbrotinn trúir maður því ekki að maður eigi betra skilið. Segja frá, fá stuðning frá fjölskyldu og fagaðilum.
- 55) Þú ert sterkari en þú heldur og ert örugglega með fólk í kringum þig sem mun hjálpa þér. Í flestum tilfellum gefast þeir upp á endanum að gera þér lífið leitt eftir að þú ferð. Þú átt skilið betra og ekki láta hann fokka í hausnum á þér. Þú áttar þig eftir á en ekki halda að þú hafir verið heimsk að vera svona lengi þarna. Ástin gerir mann blindan í alvörunni og þeir nota ákveðnar aðferðir til þess að mjaka þér í aðstæður sem þú svo ræður ekki við og skilur ekki hvernig þú komst þangað. Hann mun aldrei breytast og þú átt skilið virðingu. Sama hvað hefur gengið á milli ykkar þá er sökin ekki þín. Þú átt ekki ofbeldi skilið. Enginn á ofbeldi skilið.
- 56) Treysta á sjálfa sig.
- 57) Hugarfarið þarf að breytast hjá manni, það er ágætt að „leyfa“ einhverjum sem þú treystir til að tala hressilega yfir hausamótunum á manni. En ótrúlegustu flottar, greindar, sjálfstæðar menntaðar konur geta verið árum saman með einhverju helvítis fífl, sem allir vita að fer illa með viðkomandi. Sumar vilja ekki fá hjálp.
- 58) Ekki óttast hótanimar, þær eru hans leið til að stjórna. Ekki trúna honum þegar hann segir að öllum sé sama um þig og að hann sé sá eini sem elski þig og geti umborið þig. Vertu sterk, þú átt betra skilið og hamingjan kemur aftur þó að þú óttist að hún muni aldrei koma aftur. Þú ert miklu betur sett án hans.
- 59) Fyrst og fremst er að leita til fagaðila sem eru sérhæfðir í ofbeldismálum. Kvennaathvarfið var mín stærsta upplifun þegar ég sá að ég var ekki ein og þar fékk ég fyrst viðurkenningu á ofbeldinu og afleiðingum þess.
- 60) Segðu fjölskyldu og vinum að þú sért að fara frá honum þá eru meiri líkur á að þú standir við það. Kvennaathvarfið hjálpar þér líka að komast burt.
- 61) Ekki hunsa viðvörunarmerkin. Þú átt ekki þessa framkomu skilið. Ég vonaði að hægt væri að laga sambandið. Það gerðist aldrei, ég reyndi í mörg ár. Lesa um ofbeldissambönd. Spyrðu sjálfa þig hvort þú sért hamingjusöm, ef þið eigið börn, er þeim best borgið í þessu sambandi? Hann er líklega búinn að sannfæra þig að það sé eitthvað að þér og hann sé fórnarlambið. Að fara er það besta sem ég gerði bæði fyrir mig sjálfa og börnin. Það er svo miklu betra að vera ein en í eitruðu sambandi. Þú ert nefnilega miklu sterkari en þú heldur, jújú þetta verður erfitt en það er þess virði. Leitaðu eftir stuðningi, farðu í Kvennaathvarfið, talaðu við baklandið þitt, skipuleggðu þig ef þú getur. En mundu dauðir hlutir skipta engu máli. Ekki þegar uppi er staðið. Ef þú ert á þeim buxunum að fara og hann skynjar það þá mun hann líklega lofa öllu fögru! Kannski lagast smá,

þú gefur þessu séns...en svo fer alltaf allt í sama farið. Ekki skamma sjálfa þig ef þú hefur farið frá honum áður og gefið honum séns, ekki skamma þig fyrir að hafa ekki farið fyrr. Ef þið eigið börn mun hann reyna að nota þau gegn þér, ekki láta það rugla þig. Þetta snýst um valdið hans og stjórnina, ekki barnið. Hafðu allt skriflegt, forðastu rökræður því þær skila engu. Ekki skrifa undir neitt, nema með lögfræðing með þér. Það er eðlilegt að vera orkulaus og dofin og hálf rugluð. Þú ert ekki geðveik, þó hann segi þér það. Ekki bíða, farðu, þetta mun ekki lagast - þó þú sért að vona það. Ítökin hans minnka eftir því sem lengra líður frá skilnaðinum. Allt er vonlaus núna, en það verður betra.

62) Ekki týna sjálfri þér. Eins hefði ég viljað fá að vita það á skýrari hátt hve algengt er að menn noti hótanir um sjálfskaða til kúgunar.

63) Hugsa að þú átt betra skilið og ert góður fengur. Ekki hugsa þig út frá því sem hann metur gott við þig. Ekki falla alltaf fyrir sömu týpunni, þorðu að kynnast mönnum sem eru ekki eins og maður þekkir.

64) Maður þarf að hafa trú á að maður geti komið sér út úr þessu án þess að vera í hættu og endalaust hræddur. Í mínu tilfalli var það að ég hugsaði hvað vil ég fyrir börnin mín og að þau þyrftu að ganga fyrir.

65) Ekki halda að þú getir breytt honum. Ekki trúa honum þegar hann segir að þú sért vonlaus og ömurleg og gagnslaus. Gott að gera plan fyrir praktísku atriðin, hvernig ég myndi leggja til skiptingu á eignum, hvar við ætluðum að búa, hvernig væri best að haga umgengni á börnum o.s.frv. Hann mun reyna ALLT til að fá þig/ykkur til baka, beita öllum brögðum í bókinni. Ekki hlusta! Nýta alla hjálp. Í dag er ég fullkomlega hamingjusöm.

66) Tala við fagaðila.

67) Átta sig á að enginn á ofbeldið skilið. Trúa einhverjum fyrir ástandinu og fá stuðning.

68) Taka ákvörðun. Standa við hana. Hans raunveruleiki stenst ekki skoðun, þinn raunveruleiki og upplifun er það sem er rétt. Skipta um síma og símakort og breyta öllum lykilorðum, á netinu, bankanum. Ekki, bara ekki svara honum, ekki sms, ekki síma ekki mail ekkert.

69) Hringja í Kvennaathvarfið og fá stuðning.

70) Finna trúnaðarmanneskju, sem getur hjálpað manni að plana.

71) Undirbúðu þig vel. Lestu allt sem þú kemst yfir. Treystu fólki fyrir ástandinu, gerðu flóttaplan. Hjálpaði mér að hugsa um barnið mitt, ég vildi ekki bjóða henni uppá það sem hann bauð mér uppá.

72) Þegar þú ert búin að ákveða þig. Settu þá stólinn fyrir dyrnar og ekki, aldrei hleypa honum aftur inn. Það er sárt að sitja í ástarsorg af því að maður neyðist til þess barnanna vegna. Það er ekki hægt að reyna að fara millivegi því þeir eru alltaf að reyna að ná þér aftur. Og þegar þeir eru búnir að sjá það loks að ekki er hægt að ná þér aftur þá verða þeir brjálaðir. Hver kona verður að finna sinn stað. Notaðu Kvennaathvarfið og aðrar konur með sömu reynslu.

73) Ég hringlaði fram og til baka með að hætta með honum því hann var búinn að prenta inni mig að án hans væri ég ekkert. Hann er enn að reyna að fá mig aftur, það eru nokkur ár síðan ég lokaði.

74) Velja fyrir sjálfan sig en ekki aðra, þú breytir ekki öðrum.

75) Að vera áfram í ofbeldissambandi, gæti verið fjárhagslegt óöryggi, hræðsla við hið ókunna, hræðsla við að standa á eigin fótum, vilt ekki slíta sambandi út af börnum. Búið að brjóta þig niður, búið að gera þig háðan ofbeldinu (sambandinu), þekkir ekkert annað, horfir of mikið á góðu stundirnar, þetta er nú ekki svo slæmt, hann á margar góðar hliðar, hræðsla, tengsl við fjölskyldu

hans, heilapvottur. - Best er að tala við vini, opna á leyndarmálið, þá fara hjólin að snúast, tala við góðan fagaðila líka, lesa greinar eða horfa á myndefni um málið.

76) Þolandi á aldrei sök. Ég myndi bara hlusta og halda í hendur þolanda og sýna þolinmæði og skilning og aldrei dæma.

77) Umræðan hjálpar mikið, finndu þér fróðleik, treystu þér. Það er til hjálp.

78) Hélt ég gæti þetta ekki án hans, fjárhagslega. Kom reyndar í ljós að ég hef það miklu betra, meðal annars fjárhagslega, án hans.

79) Fara í sjálfsskoðun, helst með sálfræðingi eða öðrum stuðningi. Byggja upp öryggisnet, tala um ofbeldið við fjölskylduna.

80) Tala við vini eða einhvern sem er maður treystir, leita til sálfræðings, horfa á hlutina kalt (taka allar tilfinningar út), hugsa; hvað myndir þú ráðleggja vinkonu þinni ef hún væri í sömu sporum

81) Mér fannst ég einskis virði og hélt að enginn myndi standa með mér. Það var ekki rétt. Best að opna sig, segja frá, tala við vini og fjölskyldu. Ekki skammast þín, skömmin er mikil þegar maður er svona brotinn. Opnaðu þig og deildu reynslunni þinni.

82) Leita sér hjálpar, reyna að skilja sjálfa sig. Hafa fagaðila til að styðja mann.

83) Ekkert er eins áhrifaríkt og höfnun, hann hafnaði mér stöðugt þannig að ég reyndi alltaf að vinna hann aftur og fá viðurkenninguna að einhver vill mig. Viðurkenningin síðan blindaði mig. Vinkonur mínar fíluðu hann ekki, ég var mjög þrjósk en þegar þær hættu að ergja sig á „mínu vali“ þá fóru að renna á mig tvær grímur - þær höfðu rétt fyrir sér. Það var mjög erfitt að sætta sig við að þurfa að kyngja því. Mér fannst erfitt að stíga skrefið því hann beitti mig „bara“ andlegu og fjárhagslegu ofbeldi. En, ég var alltaf með litla rödd sem hvíslaði að ég ætti betra skilið. Líf með ofbeldismanni er svo ýkt og öfgafullt, þegar maður hættir með honum gæti komið tilfinning flatneskju og tómleika, litlaust og líflaust. Það er eðlileg tilfinning. Best er að segja vini eða ættingja frá hvernig manni líður, veldu bara einhvern sem þú treystir. Hlustaðu á þínar tilfinningar, hugsanir og treystu sjálfri þér.

84) Við eigum aðeins það besta skilið.

85) Ég myndi ráðleggja öllum að skoða fyrst og fremst hvað er gott samband fyrir þeim og hvað þarf að vera til staðar til að þeim líði vel í sambandi áður en samband er hafið og eiga umræðu um það við tilvonandi maka. Hvað gerir mig glaða og hver er ég. Vita hvar baklandið manns er og sinna því sama hvað. Í staðinn fyrir að hugsa hvað við viljum ekki þá einbeita sér að því hvað við viljum og þá kemur hitt af sjálfu sér. Vinna í sjálfsmynd og ef við erum ekki á góðum stað að vera meðvituð um hver áhrif þess eru og hvort við séum tilbúin að hefja jafningjasamband á þeim grunni.

86) Þú átt betra skilið, þú ert ekki ómöguleg.

87) Tala við sérfræðingana.

88) Fékk hjálp frá vinum og fagaðilum. Gott að heyra frá utanaðkomandi að ég væri ekki geðveik og ætti ekki svona skilið.

89) Hvað myndir þú segja eða ráðleggja vinkonu eða systur þinni sem væri í sömu sporum. Það hjálpaði mér að sjá hlutina eins og þeir voru.

90) Finna styrk frá öðrum, annars heldur maður að maður sé orðinn geðveikur.

91) Hlusta á sjálfa sig, trúa sér og vera sterk.

92) Þú átt það skilið að vera hamingjusöm, það er ekki þér að kenna þó aðrir komi illa fram við þig, fyrirgefðu sjálfri þér fyrir það að hafa fallið fyrir ofbeldismanni og leitaðu sem fyrst til sálfræðings

sem þér líður vel að tala við.

- 93) Það er engin skömm af því að vera í ofbeldissambandi og hægara sagt en gert að ganga í burtu. Það þarf að finna botninn og allt sjálfstraust sem eftir er og hlaupa í burtu án þess að líta til baka. Það sem hjálpaði mér var mjög svo hreinskilinn vinur

- 94) Þú bjargar honum ekki, settu þig nr. eitt.

Tafla 18. Ráðleggingar – Hvað myndir þú ráðleggja konum sem eru í ofbeldissambandi til að komast útúr því?

3) Er eitthvað sem fagaðilar, fólkið þitt / aðstandendur eða aðrir hefðu getað sagt eða gert til að hjálpa þér út úr sambandinu? Hér má skila auðu eða skrifa lengri frásögn. Hér var ákveðið að umorða svör kvennanna til að afmá persónugreinanlegar upplýsingar. Rauði þráðurinn hér virðist vera að konan faldi ofbeldið, „varð að sjá þetta sjálf“, ekki dæma og vera til staðar.

Hér eru dæmi af svörum kvennanna:

- 1) Hefði mátt kalla hlutina réttum nöfnum. Fjölskyldan hans tók alltaf hans hlið, líka þegar ég sagði frá ofbeldinu.
- 2) Hefði mátt segja mér að ég hefði ekki misst börnin, ég var mjög hrædd að leita til barnaverndar og lögreglu því ég hélt að börnin mín yrðu tekin af mér.
- 3) Ég gleymdi því að ég var sjálf barn foreldra minna, en ég var með honum fyrir börnin. Þegar ég loksins fór varð allt miklu betra og það var í raun það besta sem ég gerði fyrir börnin.
- 4) Að hann muni ekki breytast og að þetta sé ekki mèt að kenna.
- 5) Að fólk hefði staðið með mér þegar ég vildi fara en ekki verða bara reitt.
- 6) Nei, ég varð að sjá þetta sjálf.
- 7) Mér fannst ég hafa valið rangt með að velja hann og það var mikil skömm að kyngja því. Það hefði hjálpað ef fólk hefði sagt að það væri til staðar og að það hefði sagt, ég sé að þér líður ekki vel.
- 8) Nei ég varð að þora að fara sjálf.
- 9) Já, skipta sér af.
- 10) Benda mér á rauðu ljósin og að sjá að ég á betra skilið.
- 11) Ég afsakaði hans hegðun sjálfkrafa, það hefði mátt benda mér á að hún var augljóslega ekki í lagi. Benda mér á að ég væri betri en þetta.
- 12) Fjölskylda hefði mátt ræða við mig um áhyggjur sínar
- 13) Nei, ég varð að átta mig á þessu sjálf og ákveða hvenær ég væri búin að fá nóg.
- 14) Meiri opinber umfjöllun hefði hjálpað.
- 15) Nei, ég hefði bara farið í meiri vörn og logið.
- 16) Nei, maður verður að sjá þetta sjálfur.
- 17) Fólkið mitt, fjölskylda og vinir, björguðu mér. Þau bentu mér mjúklega en samt ákveðið á að þetta væri ekki í lagi.
- 18) Kvennaathvarfið hjálpaði mér mikið. Líka vinir og fjölskylda.
- 19) Kannski að segja þetta meira beinum orðum. Komdu þér úr þessu sambandi.

- 20) Ég þurfti að átta mig á þessu sjálf.
- 21) Það vissi enginn af þessu, svo nei.
- 22) Já, bjóðast til að styðja mig, líka eftir að ég sleit sambandinu.
- 23) Vera þolinmóð og vera til staðar. Fagaðilar noti lítil skref leiðandi spurninga. Að lögregla spyrji óþægilegu spurninganna, því þá vaknar maður.
- 24) Ég sagði ekki frá.
- 25) Þau gerðu allt sitt.
- 26) Ég þurfti að sjá þetta sjálf. Var samt mjög gott að foreldrar mínir sögðust muna hjálpa mér fjárhagslega þar til ég værir komin á betri stað með þau mál.
- 27) Það hefði mátt benda mér á stöðuna og afleiðingarnar á mig. Var til dæmis hætt að brosa en enginn nefndi það við mig.
- 28) Ekki dæma og vera til staðar.
- 29) Nágrannarnir hefðu alltaf átt að hringja þegar þau heyrðu lætin.
- 30) Þarf meiri vitundarvakningu.
- 31) Minni meðvirkni í garð ofbeldismanns hefði hjálpað mér.
- 32) Sálfræðingurinn tók hans hlið, sem fyrrverandi notaði óspart.
- 33) Kerfið þarf að vera skilvirkara. Bæði lögreglan og dómskerfið. Mér fannst kerfið standa með honum.
- 34) Ég faldi ofbeldið svo vel að enginn gat aðstoðað mig.
- 35) Skammaðist mín svo mikið að ég leyfði fólkinu mínu ekki að hjálpa.
- 36) Meiri skilningur.
- 37) Ég þurfti að sjá þetta sjálf.
- 38) Já aðstandendur hans vissu alveg hvað var í gangi. Þau hefðu getað hjálpað mér.
- 39) Tekið afstöðu. Staðið með mér.
- 40) Var meðvirk, skammaðist mín og hann hótaði mér. Það hélt mér lengi í sambandinu.
- 41) Fólkið í kringum mig hefði mátt viðurkenna ofbeldið, ekki ýja að því að þetta væri eðlilegt.
- 42) Segjast vera til staðar. Alveg sama hvað maður ákveður.
- 43) Vera til staðar. Þolinmæði. Skilningur. Ekki segja „ég var löngu búin að segja þér...”
- 44) Nei þurfti að sjá þetta sjálf.
- 45) Fagaðilar hefðu mátt grípa inn fyrir.
- 46) Nei, ég sagði engum frá.
- 47) Ég var of föst í að ætla að bjarga honum og ætla að vera eina manneskjan sem myndi ekki yfirgefa hann. Ég hefði ekki hlustað.
- 48) Hafa dyr opnar, þekkja rauðu ljósin, aðstandendur þurfa að stökkva til þegar maður þarf hjálp. Skilnaður þarf að ganga hraðar og sýslumaður þarf að hætta að kúga mann í sáttameðferð.
- 49) Ræða sambandið frekar á gagnrýninn hátt, án þess að gera lítið úr mér.
- 50) Ég hefði sjálf átt að tala við fagaðila fyrir
- 51) Þau vissu ekki af hverju ég var búin að slíta við þau samband. Hefði viljað meiri upplýsingar eða stuðning frá lögreglu sem kom heim í nokkur skipti.
- 52) Þau reyndu allt, en ég varð að finna þetta sjálf.
- 53) Enginn nema ég getur losnað við hann. Mig vantar utanaðkomandi aðstoð því hann er enn að beita ofbeldi, sit föst með börnin á heimilinu.
- 54) Ég átti ekkert bakland. Kvennaathvarfið hjálpaði mér.

- 55) Styðja betur við mig.
- 56) Ég hélt öllu leyndu.
- 57) Þau reyndu allt og það hjálpaði. Ég er laus við hann í dag.
- 58) Vantaði meiri skilning. Ég vildi ekkert vera í þessu sambandi.
- 59) Ef ég hefði fengið öruggt húsaskjól hefði ég farið.
- 60) Ef aðstandendur mínir hefðu verið hreinskilnari um áhyggjurnar og ýtt á eftir meiri samskiptum. En reyndar þarf maður að átta sig sjálfur á ofbeldinu. Vantar meiri upplýsingar fyrir aðstandendur.
- 61) Segja mér að ég væri ekki ein.
- 62) Þau hefðu getað talað sig saman um áhyggjur sínar, þá hefði ýmislegt komið upp. Ég sagði alltaf bara hinum og þessum brot og brot, út af ég vildi vernda gerandann.
- 63) Þau hefðu getað hlustað á mig og „staðfest“ að mín upplifun var ekki einhver geðveiki.
- 64) Maður þarf að átta sig á þessu sjálfur, oft er verra að einhver sé að ýta á mann. Mann langar að sanna fyrir fólki að þau höfðu rangt fyrir sér.
- 65) Vera hreinskilin.
- 66) Ég hlustaði ekki á ráðleggingar, ég þurfti að komast að þessu sjálf. Frekar að segjast vera til staðar en að gagnrýna makann. Ekki láta mann þurfa að fara í vörn og sanna sitt góða makaval.
- 67) Ég var svo heilapvegin að ég er ekki viss að neitt hefði hjálpað. Ég eignaðist með honum barn, þá fattaði ég að ég vildi ekki bjóða barninu uppá það sem hann hafði boðið mér uppá. Ég fór og hef ekki snúið til baka.
- 68) Nei, ég ræddi þetta lítið sem ekkert.
- 69) Látið mig vita af áhyggjum sínum.
- 70) Fræða mig um hvernig sambönd ættu að vera.
- 71) Ég þurfti að finna botninn sjálf.
- 72) Já, bjóða mér hjálp, benda mér á að framkoma hans var ekki í lagi.
- 73) Ég hlustaði ekkert.
- 74) Vinir og fjölskylda hefðu getað staðið betur við bakið á mér. Þau sáu betur hvað var að gerast
- 75) Vildi að ég sjálf hefði hlustað.
- 76) Ég vildi að einhver hefði sótt mig og sagt hingað og ekki lengra. Ég var svo ung. Fyrirverandi mágkona hans sagði mér að hlaupa og það veitti mér kjark til að fara.
- 77) Ég faldi allt mjög vel. Vinkonur mínar hefðu reyndar mátt kveikja á þessu.
- 78) Nei því ég sagði engum frá.
- 79) Sýna meiri skilning, ekki dæma og gagnrýna.

Tafla 19. Ráðleggingar – Er eitthvað sem fagaðilar, fólkið þitt/aðstandendur eða aðrir hefðu getað sagt eða gert til að hjálpa þér útúr sambandinu?


Hvað fannst þér um listann?

Að lokum voru báðir hópar beðnir að meta hvað þeim fannst um spurningalistann.

Þetta voru svarmöguleikarnir hjá báðum hópum:

- Mjög góður listi (metur mjög vel umfang og eðli samskipta í nánu sambandi, líðan þátttakanda og persónuleika makans)
- Góður listi (metur vel umfang og eðli samskipta í nánu sambandi, líðan þátttakanda og persónuleika makans)
- Hvorki né
- Ekki góður listi (metur ekki vel umfang og eðli samskipta í nánu sambandi, líðan þátttakanda og persónuleika makans)
- Alls ekki góður listi (metur alls ekki vel umfang og eðli samskipta í nánu sambandi, líðan þátttakanda og persónuleika makans)


Konurnar sem höfðu reynslu af ofbeldi mátu hann svo:



Mynd 43. Hvað fannst þér um spurningalistann – Ofbeldisreynsla

Alls töldu 89% svarenda í þessum hópi að listinn væri góður eða mjög góður og hann meti þ.a.l. vel eða mjög vel umfang og eðli samskipta í nánu sambandi, líðan þátttakanda og persónuleika makans. Alls mátu 2% svarenda listann þannig að hann meti ekki eða alls ekki vel umfang og eðli samskipta í nánu sambandi, líðan þátttakanda og persónuleika makans. Hvorki né sögðu 9% þátttakenda.

Konur sem ekki höfðu reynslu af ofbeldi mátu spurningalistann svona:



Mynd 44. Hvað fannst þér um spurningalistann – Ekki ofbeldisreynsla.

Alls töldu 76% svarenda í þessum hópi að listinn væri góður eða mjög góður og hann meti þ.a.l. vel eða mjög vel umfang og eðli samskipta í nánu sambandi, líðan þátttakanda og persónuleika makans. Alls mátu 4% svarenda listann þannig að hann meti ekki vel umfang og eðli samskipta í nánu sambandi, líðan þátttakanda og persónuleika makans. Hvorki né sögðu 20% þátttakenda.

Markmið þessa verkefnis var að útbúa **fræðsluefni** sem myndi nýtast sem stuðningur og ráðgjöf fyrir þolendur **heimilisofbeldis** og aðstandendur þeirra.

Við óskuðum eftir þátttöku **kvenna** sem hafði reynslu af **heimilisofbeldi** til að segja frá **líðan** sinni og **upplifun** í byrjun og við enda ofbeldissambandsins. Einnig að varpa ljósi á upplifun þeirra á **persónuleikaeinkennum ofbeldismannanna**. Til **samanburðar** báðum við einnig konur sem ekki höfðu reynslu af ofbeldi í nánu sambandi að taka þátt. Yfir **300 konur** svöruðu spurningarlistanum. Svörin voru greind með einfaldri **tölfræðisamantekt** og er afurð verkefnisins þessi **skýrsla**.

